FRÉTTABLAÐIÐ
198. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST 2018



Fornleifafræðingar undirbúa nú uppgröft í tengslum við breikkun Bessastaðavegar. Þar á einnig að koma stórt bílastæði og göngustígur. Töluverð byggð var á Bessastöðum við landnám og er svæðið sögufrægt. Fornleifafræðingar eru þegar komnir niður á minjar sem liggja undir gjóskulagi frá 1226 en formlegur uppgröftur hefst á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




# Umferðarslys síðustu tíu ár kostað 500 milljarða

**Samfélagslegur kostnaður af umferðarslysum nemur um 50 milljörðum árlega. Aukning var á síðasta ári í helstu flokkum slysa. 127 einstaklingar hafa látist síðustu tíu ár. Vegagerðin fengið 144 milljarða til nýframkvæmda á tímabilinu.**

**SAMGÖNGUR** Kostnaður samfélagsins af umferðarslysum síðustu tíu árin er rúmir fimm hundruð milljarðar króna eða að meðaltali um fimmtíu milljarðar króna árlega. Þetta kemur fram í skýrslu Samgöngustofu um umferðarslys á Íslandi árið 2017. Formaður umhverfis- og samgöngunefndar telur mikilvægt að Íslendingar hugi betur að umferðaröryggi.

Á sama tíma hefur Vegagerðin fengið um 144 milljarða króna til nýframkvæmda. Sérfræðingar Samgöngustofu segja að fjármagn sem varið er til umferðaröryggis, hvort heldur sem er í að bæta vegi hér á landi eða til eflingar löggæslu um land allt, skili sér margfalt til baka í þjóðarbúið þar sem slys kosti samfélagið gríðarlega mikla fjármuni.

> **Fjárframlag til nýframkvæmda hér á landi er of lítið.**
>
> Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, segir stóru myndina sem birtist í gögnunum sýna að gera þurfi betur í málaflokknum. „Stóra myndin er rétt. Þeir fjármunir sem varið er til umferðaröryggis skila sér margfalt og fjárframlag til nýframkvæmda hér á landi er of lítið. Einnig er vert að minna á það að heildarskattheimta af umferð rennur ekki nema að hálfu til baka aftur til umferðaröryggismála,“ segir Bergþór. „Efling lögreglunnar og löggæslu vítt og breitt um landið er einnig umferðaröryggismál og við þyrftum að horfa á þann hluta löggæslustarfsins í meiri mæli.“

Árið 2017 var ekki gott í íslenskri umferð. Sextán létust í umferðinni, 189 einstaklingar slösuðust alvarlega og tæplega 1.200 aðrir slösuðust minna. Á síðustu tíu árum hafa 127 einstaklingar látist í umferðinni á Íslandi. Árið 2017 var þriðja árið í röð þar sem hlutfallslega fleiri létust í umferðinni á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Ellefu hafa látist í umferðinni það sem af er ári.

– sa / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um ríkisfjármálin og uppbyggingu fyrir almenning. 16

**SPORT** Rúnar Alex hefur farið vel af stað með Dijon. 18

**MENNING** Valdakonur vega móti karlaveldi fortíðar. 42



**LÍFIÐ** Eiríkur Ingi Jóhannsson hjólar hringinn í kringum Írland. 36

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **NETVERSLUN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Jonas Mekas heiðraður á RIFF



**MENNING** Litháíski leikstjórinn Jonas Mekas er heiðursgestur RIFF í ár. Mekas, sem er með fremstu framúrstefnulistamönnum heims, er 95 ára gamall.

– gj / sjá síðu 2

## Sjóðandi heitur Hveradalur



**NÁTTÚRA** Tómas Guðbjartsson og Sigtryggur Ari Jóhannsson greina frá stefnumóti elds og íss í Efri-Hveradal í Kverkfjöllum.

– saj / sjá síðu 12

## Berjatíðin best á Austurlandi



**LÍFIÐ** „Ef fólk ætlar í berjamó og vill fylla fötur sínar, eða jafnvel frystikistur, þá eru Austfirðir líklega besti staðurinn. Allt um berjatíðina í Lífinu.

– gj / sjá síðu 36

## Veður




Dálítil rigning eða skúrir um norðanvert landið í dag en skýjað með köflum og úrkomulítið sunnan til. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast á Suðurlandi. SJÁ SÍÐU 22

# Skólar að fara á fullt



**Það styttist óðum í að börn landsins setjist á skólabekk á ný. Sem fyrr eru um tíu prósent nemenda að fara í skóla í fyrsta sinn og fyrir mörgum er stökkið úr leikskóla yfir í grunnskóla nokkuð stórt. Þessi mynd er frá skólasetningu í Laugarnesskóla en hún var í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Fyrsta skóflustungan var tekin um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Telja greiðslur heimildarlausar

**HAFNARFJÖRÐUR** Læti urðu á bæjarstjórnarfundi í Hafnarfirði í gærkvöldi eftir að bæjarstjóri upplýsti að 100 milljónir hefðu þegar verið greiddar til efniskaupa fyrir nýtt knatthús FH. Fulltrúar minnihlutans segja að greiðslurnar hafi verið inntar af hendi í heimildarleysi en bæjarstjórinn segir málið tilefnislaust.

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, fulltrúi Bæjarlistans, ritaði á Facebook í gær að hún hefði fengið staðfest að bæjarstjóri hafi greitt milljónirnar hundrað úr bæjarsjóði án þess að viðaukatillaga við fjárhagsáætlun hafi verið samþykkt. Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, staðfesti frásögn Guðlaugar í samtali við Fréttablaðið í gær og sagði stöðuna vægast sagt sérstaka.

Bæjarstjórinn, Rósa Guðbjartsdóttir úr Sjálfstæðisflokki, segir hins vegar að útgjöldin hafi þegar verið samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Aðeins hafi verið breytt um aðferð, það er að farið hafi verið í eignaskipti á knatthúsum í stað þess að bærinn myndi byggja slíkt. Atvikið á fundinum í gær hafi verið uppþot og bendir Rósa á að Guðlaug hafi samþykkt áætlunina í fyrra.

„Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2018 voru 200 milljónir króna áætlaðar til uppbyggingar knattspyrnuaðstöðu á Kaplakrika,“ segir í bókun meirihlutans um málið.

Afgreiðsla umrædds viðauka hefur verið kærð af minnihlutanum, sem telur pott brotinn í ferlinu, til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. **– jóe**

# Rannsaka örplastmengun í kræklingi

**UMHVERFI** Umhverfisstofnun hefur falið Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum að rannsaka umfang örplastmengunar í kræklingi. Er þetta áfangi í því að leggja grunn að frekari rannsóknum á örplasti í hafinu og lífríki þess að því segir í frétt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Sýnatökur hófust í sumar en þeim mun ljúka um miðjan næsta mánuð. Notast verður við greiningaraðferðir úr norskri rannsókn sem gerð var á síðasta ári. Plastagnir verða flokkaðar eftir stærð í annars vegar örplast og hins vegar stærri plastagnir.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru væntanlegar fyrir árslok. Þær verða bornar saman við niðurstöður annarra landa sem beitt hafa sambærilegum aðferðum varðandi skelfisk. **– sar**

# Heiðursgestur RIFF stundaði Studio 54

**Litháíski leikstjórinn Jonas Mekas verður heiðursgestur RIFF í ár. Mekas er 95 ára gamall og talinn guðfaðir framúrstefnukvikmynda. Þemað á hátíðinni í ár eru Eystrasaltslöndin. Miðasala á hátíðina hefst formlega í byrjun september.**

**MENNING** Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF verður haldin í 15. sinn dagana 27. september til 7. október. Þemað í ár eru Eystrasaltslöndin og verður heiðursgestur hátíðarinnar í ár leikstjórinn Jonas Mekas frá Litháen.

„Eystrasaltslöndin halda upp á 100 ára sjálfstæðisafmæli sitt í ár og er það hluti af ástæðunni fyrir því að þau urðu fyrir valinu í ár, en þema hátíðarinnar er alltaf eitthvert land. Kvikmyndagerð á þessum slóðum hefur ef til vill ekki verið sinnt nóg en þau hafa þó verið að gera góða hluti,“ segir Börkur Gunnarsson, kynningarstjóri RIFF.

„Við fáum til okkar þekktar kanónur úr kvikmyndagerð og þar á meðal Jonas Mekas sem hefur verið kallaður guðfaðir framúrstefnukvikmyndagerðar. Hann var aðaltöffarinn á sínum tíma og voru til dæmis bestu vinir hans Andy Warhol, John Lennon og Yoko Ono og einnig Salvador Dalí. Hann var einn af þessum sem stunduðu Studio 54.“

Mekas flúði heimaland sitt í seinni heimsstyrjöldinni og eftir langt ferðalag endaði hann í Bandaríkjunum, tæplega tvítugur. „Hann keypti sína fyrstu vél árið 1949, 16 mm vél. Það var enginn að gera neitt annað en línulega sögu á þessum tíma og reyna að komast í Hollywood. Hann fór hins vegar að gera avant-garde myndir og heillaði meðal annars Warhol og fleiri. Hann verður svo ákveðin hetja í þessum hópi listamanna og fara þeir að drekka saman og skapa eitthvað á meðan,“ segir Börkur og hlær. „Það verður áhugavert að fá hann hingað til landsins.“



**Jonas Mekas leikstjóri mætir sprækur til leiks á RIFF í ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

Mekas hefur marga fjöruna sopið enda 95 ára gamall á árinu. Ferill hans hefur verið viðburðaríkur og eru myndir hans margvíslegar. Hann er þó líklega þekktastur fyrir að gera svokallaðar „dagbókarmyndir“ sem samanstanda af myndskeiðum úr hversdagslífi hans. Þá gerði Mekas myndina Andvökunætur sem kom út 2011 þar sem Björk Guðmundsdóttir fór með hlutverk en myndin er innblásin af sögunni um 1001 nótt.

Einnig kemur hingað til lands leikstjórinn og handritshöfundurinn Laila Pakalnina. Hún er fædd í Lettlandi og hefur fyrst og fremst einblínt á heimildarmyndaformið. „Pakalnina er ofboðslega vandaður leikstjóri og hefur alveg sérstakt lag á að segja stórar og margræðar sögur.“

> **Það verður áhugavert að fá hann hingað til landsins.**
>
> Börkur Gunnarsson, kynningarstjóri RIFF



RIFF fer alfarið fram í Bíói Paradís í ár. „Það er fínt því barna erum við á sama stað allan tímann og margir salir í notkun í einu,“ segir Börkur.

Miðasala á klippikortum og hátíðarpössum er hafin á riff.is en formleg miðasala hefst í byrjun september. **gunnthorunn@frettabladid.is**

Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði




Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

geoSilica ICELAND

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# PALLAEFNI TAX FREE



## Allt pallaefni á TAX FREE

Fura, lerki, skjólveggir, girðingaeiningar, hattar blómapottar o.fl.

Gildir einnig af vatnsklæðningu og panil.

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti . Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.




Guðmundur starfaði hjá Kaupþingi fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Samdi um 286 milljóna kröfur

**VIÐSKIPTI** Gjaldþrotaskiptum á búi Guðmundar Þórs Gunnarssonar, fyrrverandi viðskiptastjóra á útlánasviði Kaupþings banka hf. á Íslandi, lauk með því að nauðasamningar náðust. Auglýsing þess efnis var birt í Lögbirtingablaðinu í gær.

Í auglýsingunni segir að lýstar kröfur í búið hafi numið rúmlega 286 milljónum króna. Kröfurnar voru afturkallaðar eftir nauðasamninga.

Í janúar á þessu ári var kveðinn upp dómur í máli þrotabús Guðmundar gegn eiginkonu hans. Með dóminum var kona hans dæmd til að greiða þrotabúinu 42,5 milljónir króna vegna viðskipta þeirra með fasteign. Talið var að þau hefðu miðað að því að koma eignum undan skiptum. **– jóe**

## 2,3 milljarða þrot verktaka

**VIÐSKIPTI** Um 60 milljónir króna fengust upp í kröfur sem lýst var í þrotabú verktakafyrirtækisins KNH ehf. Kröfur í búið námu tæplega 2,3 milljörðum króna. Þetta kemur fram í Lögbirtingablaðinu.

Búið var tekið til gjaldþrotaskipta árið 2012. Kröfur vegna kostnaðar sem hlaust af skiptunum og kröfur sem urðu til með samningum skiptastjóra námu rúmum 30 milljónum og greiddust að fullu.

Fyrirtækið var umsvifamikið á árunum fyrir efnahagshrun og kom að því að reisa snjóflóðavarnir á Ísafirði og Bíldudal. Stærsti verkkaupi fyrirtækisins var Vegagerðin. **– jóe**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.




# Kostnaður vegna umferðarslysa nam 500 milljörðum á tíu árum

**Reiknaður kostnaður samfélagsins af umferðarslysum síðustu tíu ára er um 500 milljarðar. Brot af upphæðinni fer í uppbygginguvegakerfisins til þess að bæta öryggi vegfarenda sem skilar sér margfalt að mati sérfræðinga. Ellefu eru látnir í umferðinni það sem af er þessu ári**

**SAMGÖNGUMÁL** Kostnaður samfélagsins af umferðarslysum síðustu tíu árin er rúmir fimm hundruð milljarðar króna eða að meðaltali um fimmtíu milljarðar króna árlega. Á sama tíma hefur Vegagerðin fengið um 144 milljarða króna til nýframkvæmda.

Þetta kemur fram í skýrslu Samgöngustofu um umferðarslys á Íslandi árið 2017. Tölurnar er unnar eftir ákveðinni aðferð sem notuð hefur verið bæði hér á landi og erlendis um áratuga skeið, svonefnd greiðsluviljaaðferð. Kostnaði vegna umferðarslysa er þannig skipt í beinan, óbeinan og óáþreifanlegan kostnað. Kostnaður vegna slysa er borinn af mörgum aðilum, bæði einstaklingum sem verða fyrir slysi, aðstandendum, vinnuveitendum auk hagkerfisins í heild og samfélagsins.

„Slíkt kostnaðarmat er til þess fallið að styðja við stefnu stjórnvalda um fækkun banaslysa og alvarlegra slysa ásamt því að með þeirri aðferð er tekið tillit til velferðar einstaklinga, sem er hinn rétti mælikvarði,“ segir í rannsókn Haralds Sigþórssonar og Vilhjálms Hilmarssonar um kostnað af umferðarslysum sem kom út árið 2014 og var unnin með rannsóknarfé Vegagerðarinnar.

Gunnar Geir Gunnarsson, sérfræðingur hjá Samgöngustofu, segir það miklu máli skipta að bæta öryggi á íslenskum vegum og þannig fækka bílslysum. „Samkvæmt þessum útreikningum þá er það staðreynd að allar fjárveitingar til að bæta öryggi í umferðinni, hvort sem það er með bættum vegasamgöngum eða aukinni löggæslu, skila sér margfalt til baka til samfélagsins.“

Ríkislögreglustjóri hefur látið hafa eftir sér tvisvar sinnum á síðustu árum að staða löggæslumála sé óviðunandi. Lögreglan íslenska sé ekki í stakk búin til að standa undir öryggi og þjónustu við landsmenn í samræmi við lögbundið hlutverk hennar og að lögreglumenn séu til þess allt of fáir.

„Frekari styrkingar er þörf því við blasir að tiltækur mannafli nægir ekki. Fyrir liggur ógrynni skýrslna, samantekta, greininga, og Excel-skjala frá liðnum árum sem allar fjalla um nauðsyn þess að efla lögregluna. Það var afar brýnt úrlausnarefni löngu áður en milljónir ferðamanna tóku að sækja Íslendinga heim og útlendingar að óska eftir hæli,“ segir í ársskýrslu lögreglunnar fyrir árið 2016 sem var gefin út um mitt árið 2017.

Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins, segir stóru myndina sem birtist í gögnunum sýna að gera þurfi betur í málaflokknum.

„Stóra myndin er rétt. Þeir fjármunir, sem varið er til umferðaröryggis, skila sér margfalt og fjárframlag til nýframkvæmda hér á landi er of lítið. Einnig er vert að minna á það að heildarskattheimta af umferð rennur ekki nema að hálfu til baka aftur til umferðaröryggismála,“ segir Bergþór. „Efling lögreglunnar og löggæslu vítt og breitt um landið er einnig umferðaröryggismál og við þyrftum að horfa á þann hluta löggæslustarfsins í meiri mæli.“

Árið 2017 var ekki gott í íslenskri umferð. Þá létust sextán í umferðinni, 189 einstaklingar slösuðust alvarlega og tæplega 1.200 aðrir slösuðust minna. Á síðustu tíu árum hafa 127 einstaklingar látist í umferðinni á Íslandi. Árið 2017 var þriðja árið í röð þar sem flestir létust í umferðinni hér af Norðurlöndum, miðað við höfðatölu. Ellefu hafa látist í umferðinni það sem af er ári. **sveinn@frettabladid.is**



Kostnaður vegna slysa er borinn af mörgum aðilum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Framlag til nýframkvæmda:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2005 | **13.140** | 2012 | **7.185** |
| 2006 | **12.782** | 2013 | **7.543** |
| 2007 | **18.011** | 2014 | **7.704** |
| 2008 | **35.748** | 2015 | **10.296** |
| 2009 | **23.100** | 2016 | **10.197** |
| 2010 | **11.995** | 2017 | **10.969** |
| 2011 | **7.822** | 2018 | **11.713** |



# BIG RED ER KOMIÐ AFTUR Í SINDRA




**TILBOÐ**

## RAFMAGNSKEFLI

14 metrar
Með veggfestingu
230 V
3 X 1,5mm



vnr TRI03315D

**8.814** m/vsk

Fullt verð 11.017

**TILBOÐ**

## LOFTKEFLI

15 metrar
Með veggfestingu
PVC
3/8" tengi



vnr TRI03015Q

**8.990** m/vsk

Fullt verð 11.238

**TILBOÐ**

## STÓLL MEÐ HILLU

380 X 380 X 440mm
120mm hækkun
Með hillu
Mjúk og þægileg seta
360° snúningur



vnr TR6201C

**4.287** m/vsk

Fullt verð 5.358

**TILBOÐ**

## LEGUBRETTI

1.025 X 425 X 105mm
Stálrammi
6.7Kg



vnr TR6455

**3.524** m/vsk

Fullt verð 4.405

**TILBOÐ**

## HJÓLATJAKKUR 2 TONN Í TÖSKU

Lyftigeta: 2.000 kg
Mesta hæð: 350 mm
Minnsta hæð: 130 mm
Þyngd: 10 kg



vnr T82004

**4.659** m/vsk

Fullt verð 5.823

**TILBOÐ**

## HJÓLATJAKKUR 2 TONN LÁGUR

Lyftigeta: 2.250 kg
Mesta hæð: 359 mm
Minnsta hæð: 89 mm
Þyngd: 15 kg



vnr T825010R

**7.033** m/vsk

Fullt verð 8.791

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Verkfæri í miklu úrvali




Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Íþróttasjóður

Umsóknarfrestur til 1. október

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 64/1998 og reglugerð nr. 803/2008.

**Veita má framlög til eftirfarandi verkefna:**

- Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna, sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem stuðla að þátttöku barna af erlendum uppruna.
- Íþróttarannsókna
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á www.rannis.is Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir kl. 16:00, 1. október 2018.

**Nánari upplýsingar** veitir Anna R. Möller, anna.r.moller@rannis.is, sími 515 5849.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
www.rannis.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

# Þjóðskjalasafnið ýtir á eftir kjararáði

**STJÓRNSÝSLA** Þjóðskjalasafn Íslands hefur óskað eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að frágangur og afhending skjalasafns kjararáðs verði sett í formlegt ferli. Tæpir tveir mánuðir eru liðnir frá því að ráðið var lagt niður en enn hafa gögn frá því ekki borist safninu.

Á síðasta ári óskaði Fréttablaðið eftir því að fá afrit af fundargerðum kjararáðs. Beiðni þess efnis var synjað. Sú niðurstaða var kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem felldi synjunina úr gildi vegna annmarka á henni. Lagt var fyrir ráðið að taka málið til meðferðar að nýju. Fjórum dögum síðar var ráðið ekki lengur til.



Frá húsakynnum kjararáðs í Skuggasundi í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eftir að ráðið var lagt niður gilda lög um opinber skjalasöfn um aðgang að gögnunum. Í júlí kannaði Fréttablaðið hjá Þjóðskjalasafninu hvort gögnin hefðu borist og fengust þau svör að svo væri ekki. Í ágúst bárust þau svör frá safninu að engin samskipti hefðu átt sér stað milli safnsins og kjararáðs eða ráðuneytisins vegna afhendingar gagnanna.

„Satt best að segja á ég ekki von á því að þetta komi hingað á allra næstu vikum eða mánuðum,“ segir í svari skjalavarðar við skeyti blaðsins.

Í svari frá fjármálaráðuneytinu frá því í síðustu viku segir að gögnin séu ekki í vörslu eða á ábyrgð ráðuneytisins. Starfsmaður kjararáðs sjái um að ganga frá gögnunum og afhenda þau. Ráðuneytið hafi engar upplýsingar um hvernig sú vinna gangi.

Eftir fréttaflutning um seinaganginn hafði starfsfólk safnsins samband við ráðuneytið og óskaði eftir því að málið yrði sett í farveg. Viðbragða ráðuneytisins er nú beðið. **– jóe**

# Fríar skólamáltíðir of stór biti fyrir Reykjavík

**Fulltrúar meirihlutaflokka í Reykjavík segja það kalla á „umfangsmiklar sparnaðaraðgerðir eða verulega uppstokkun á fjárreiðum borgarinnar“ að bjóða ókeypis skólamáltíðir. Tillaga Flokks fólksins var því felld. Von er á nýrri tillögu.**

**SKÓLAMÁL** Meirihlutaflokkarnir í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur segja það munu kosta nærri tvo milljarða króna að gefa börnum í borginni ókeypis skólamáltíðir og felldu tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að það yrði gert.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, lagði til á fundi skóla- og frístundaráðs 27. júní að að öll börn fengju fríar skólamáltíðir.

„Eins og vitað er búa mörg börn við mismunandi aðstæður hvað varðar efnahag foreldra. Sum búa við sára fátækt og eru því svöng í skólanum. Eina leiðin til að tryggja að ekkert barn sé svangt í skólanum er að þau fái fríar skólamáltíðir,“ sagði í tillögu Kolbrúnar sem felld var á fundi ráðsins í fyrradag.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata í ráðinu vitnuðu til sáttmála meirihluti Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um að frá áramótum 2021 skuli barnafjölskyldur mest greiða fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig.

„Varðandi tillögu um ókeypis skólamáltíðir þarf hins vegar að halda til haga að sú aðgerð myndi lækka tekjur skóla- og frístundasviðs um nærri tvo milljarða króna á ári, sem er um helmingur af öllum tekjum sviðsins. Slík aðgerð myndi því hafa veruleg áhrif á starfsemina og þar með kalla á umfangsmiklar sparnaðaraðgerðir eða verulega uppstokkun á fjárreiðum borgarinnar.



Ókeypis skólamáltíðir eru sagðar mundu kosta skólasvið Reykjavíkurborgar nærri tvo milljarða króna á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þá mun ég leggja til að verð á skólamáltíðum lækki um þriðjung.**
>
> Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins



Fulltrúi Vinstri grænna lagði fram sérstaka bókun um að gjaldfrjálsar skólamáltíðir væru hluti af stefnu Vinstri grænna um endurgjaldslausa menntun barna. „Ekki náðist sátt um að afnema gjaldtöku við skólamáltíðir í meirihlutasáttmálanum, þó vissulega hafi náðst sátt um að stíga ákveðin skref til að létta barnmörgum fjölskyldum lífið með margs konar aðgerðum.“

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá því að Fjarðabyggð hefði ákveðið að lækka verð á skólamáltíðum í leikskólum og grunnskólum um þriðjung og að stefnt væri að því að máltíðirnar yrðu ókeypis. „Með því munum við létta undir með barnafjölskyldum ásamt því að standast 2. grein í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um jafnræði og bann við mismunun,“ segir í bókun sem gerð var þegar málið var samþykkt í bæjarráði.

Kolbrún Baldursdóttir kveðst ætla að halda málinu áfram á vettvangi borgarstjórnar í september. „Þá mun ég leggja til að verð á skólamáltíðum lækki um þriðjung,“ segir borgarfulltrúinn.

**gar@frettabladid.is**

# Trump segir sekt Cohens smámál

**BANDARÍKIN** Böndin berast að Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, eftir sakfellingu Pauls Manafort, áður kosningastjóra hans, og játningu Michaels Cohen, fyrrverandi lögmanns forsetans.

Manafort var sakfelldur fyrir átta liði af átján liða ákæru Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, sem rannsakar meint samráð framboðs Trumps við Rússa.

Cohen, sem játaði sekt sína á þriðjudag, var meðal annars ákærður fyrir brot á lögum um fjármögnun framboða. Hann sagði að Trump hefði skipað sér að hafa umsjón með þagnargreiðslum til kvenna sem héldu því fram að þær hefðu sængað hjá Trump.



Miðað við málflutning Trumps á Twitter í gær er ljóst að hann lætur málin ekki á sig fá. „Michael Cohen játaði á sig tvö kosningafjármögnunarbrot sem eru ekki einu sinni glæpur. Obama forseti framdi sams konar brot og þau mál voru auðveldlega útkljáð,“ tísti Trump og varaði samlanda sína við því að ráða Cohen sem lögmann.

Forsetinn sagðist svo vorkenna Manafort og fjölskyldu hans. Sérstakur saksóknari hafi gert sér mat úr „tólf ára gömlu skattamáli og þrýst á hann“ til að snúast gegn forsetanum. Manafort hafi hins vegar, öfugt við Cohen, ekki gefið eftir. Þá gagnrýndi Trump að kviðdómur hefði ekki náð saman um tíu ákæruliði.

**– þea**




ENNEMM / SÍA / NM89480

**Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna** fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 2.050.000 kr.**

HYUNDAI

Comfort útgáfa - Upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# Ungverjar sagðir svelta hælisleitendur

**Mannréttindavaktin segir ríkisstjórnina neita hælisleitendum um mat til að fá þá til að draga áfrýjanir til baka. Mannréttindabaráttusamtök gagnrýna meðferðina og segja hana ómannúðlega. Ungverjalandsstjórn áður lent saman við Evrópusambandið vegna flóttamanna.**

**UNGVERJALAND** Hælisleitendum sem Ungverjar halda á landamærunum við Serbíu hefur verið neitað um mat. Alþjóðlegu samtökin Mannréttindavaktin (HRW) greindu frá í gær og segja yfirvöld í Ungverjalandi hafa hætt matargjöfum í upphafi mánaðar.

„Ríkisstjórnin hefur sokkið í nýjar, ómanneskjulegar lægðir með því að neita fólki í haldi um mat,“ var haft eftir Lydiu Gall, rannsakanda samtakanna í Austur-Evrópu. „Þessi stefna sýnir algjöra vanvirðingu hvað velferð fólks varðar og virðist til þess gerð að neyða hælisleitendur til að draga áfrýjanir sínar til baka og yfirgefa Ungverjaland,“ sagði Gall enn fremur en um er að ræða hælisleitendur sem hafa áfrýjað höfnun umsókna sinna.

HRW ræddi við lögmenn tveggja afganskra fjölskyldna og sýrlenskra bræðra sem eru á meðal þeirra sem hefur verið neitað um mat. Lögmennirnir sögðu meðal annars að þótt afgönsku börnin og móðir með barn á brjósti hafi fengið að borða hafi þeim verið meinað að deila matnum með fjölskyldunni.

Ungverska Helsinkinefndin, mannréttindabaráttusamtök þar í landi, kærði mál afgönsku fjölskyldnanna til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þann 10. ágúst komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ungverska ríkinu bæri að fæða fjölskyldurnar tvær og hefur kveðið upp sams konar dóma í þrígang síðan.

Samkvæmt HRW hefur Ungverjalandsstjórn virt úrskurðina og farið eftir þeim. Hins vegar sé enn til staðar hætta á því að hælisleitendur verði sveltir í náinni framtíð. Tók Mannréttindavaktin dæmi um að prestinum Gabor Ivanyi hafi verið meinaður aðgangur að svæðinu þar sem hælisleitendunum er haldið þann 20. ágúst. Ivanyi var á leið með matarsendingu.

Þá hélt Ungverska Helsinkinefndin því fram á Twitter á þriðjudag að einhleypri afganskri konu hafi verið neitað um mat eftir að umsókn hennar var hafnað. „Hún er áttundi skjólstæðingur okkar sem hefur þurft að þola þessa ómannúðlegu meðferð. Innflytjendastofnun vill ekki gefa henni mat þar til dómstólar krefja hana til þess.“

Innflytjendastofnun sagði í yfirlýsingu á mánudag að ekkert væri að finna í ungverskum lögum sem kvæði á um skuldbindingu yfirvalda til þess að sjá hælisleitendum í haldi fyrir mat. Þó er ljóst að Ungverjar eru aðilar ýmissa mannréttindasáttmála sem leggja blátt bann við ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð fólks í haldi.

thorgnyr@frettabladid.is



**Ströng gæsla er við landamæri Ungverjalands við Serbíu. Hér sést hermaður við girðinguna.** NORDICPHOTOS/AFP

## Hörð afstaða

Ríkisstjórn Viktors Orbán hefur beitt sér af hörku gegn flutningi hælisleitenda og flóttafólks til Ungverjalands allt frá því slíkum flutningum til Evrópu snarfjölgaði árið 2015. Strax sama ár reistu Ungverjar til að mynda fjögurra metra háa og rúmlega 500 kílómetra langa girðingu á landamærunum við Serbíu og Króatíu.

Þá voru ný lög samþykkt þar í landi í júní. Ólöglegt varð að „stuðla að ólöglegum flutningum“ til Ungverjalands. Löggjöfin var harðlega gagnrýnd og sagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hana ólöglega. Feneyjanefnd Evrópuráðsins lýsti svo áhyggjum í júní í skýrslu sem lak til BBC af því að löggjöfin gerði starfsemi óháðra félagasamtaka ólöglega.

Ungverjar hafa sömuleiðis neitað að taka á móti þeim flóttamönnum sem þeir eiga að taka á móti samkvæmt samþykktum meirihluta Evrópusambandsins.

Orbán hefur sjálfur sagt að koma flóttafólks til Ungverjalands ógni þjóðaröryggi. „Við lítum ekki á þetta fólk sem íslamska flóttamenn heldur íslamskan innrásarher,“ sagði Orban við Bild í upphafi árs og bætti því við að hugsjónin um fjölmenningarsamfélag væri blekking.

## Svo er það Soros

Löggjöfin sem Ungverjar samþykktu fyrr í sumar var kennd við ungversk-bandaríska auðkýfinginn George Soros. Hann hefur styrkt samtök sem styðja við bakið á flóttamönnum um háar fjárhæðir og stofnaði sjálfur frjálslyndu samtökin Open Society Foundations undir styrkjastarfsemina.

Orbán-stjórnin sér Soros sem einhvers konar brúðumeistara andstæðinga sinna og hefur notað grýlumyndir af honum á veggspjöldum og í bæklingum þar sem segir að Soros þurfi að stöðva.



**George Soros athafnamaður.** NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríski þjóðernissinnar hafa sömuleiðis lýst andúð sinni á Soros. Hafa meðal annars sakað hann um að setja á svið skólaskotárásir.

Soros hefur einnig ratað inn á svið íslenskra stjórnmála. Í júlí 2016 sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, nú formaður Miðflokksins en þá Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, að Soros hefði keypt Panamaskjölin og beitt þeim á pólitískan hátt. Þau skjöl urðu einmitt til þess að Sigmundur Davíð steig til hliðar sem forsætisráðherra.


TRYGGÐU ÞÉR CITROËN SENDIBÍL
Á FRÁBÆRU TILBOÐI!
ALLT AÐ 500.000 KR. AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI:

CITROËN BERLINGO STUTTUR 1,6 dísil beinsk.
VERÐLISTAVERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI:
2.600.000 KR. MEÐ VSK.
AFSLÁTTUR 300.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
2.300.000 KR. M. VSK
1.854.000 KR. ÁN VSK.

CITROËN JUMPY VAN LANGUR 1,6 dísil beinsk.
VERÐLISTAVERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI:
4.145.000 KR. MEÐ VSK.
AFSLÁTTUR 500.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
3.645.000 KR. M. VSK
2.939.000 KR. ÁN VSK.



Komdu og nýttu þér frábært tilboð!
Gildir til 8. sept.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

citroen.is
CITROËN

# KRÓNAN

## Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?



#Grillsnilld

## Pylsupulsu partý!

Þú finnur uppskriftina hér:
**kronan.is/korteri4**




Silver spring Thai Chili Sauce
**329** kr. stk.




Osta og beikon pylsubrauð
**369** kr. pk.




Pylsumeistarinn chillipylsur
**669** kr. pk.

KORTER Í 4




Pik-Nik kartöflustrá 113 g
**240** kr. stk.




Kartöflusalat með graslauk
**519** kr. stk.

Matur fyrir fjóra = 2.126 kr.
**532** kr. á mann*

# Framleiðendur grípa til verðhækkana

**Ölgerðin og Coca Cola á Íslandi hafa nýverið hækkað verð. Forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands segir að almennt séð eigi iðnaður á Íslandi undir högg að sækja vegna síhækkandi kostnaðar.**

Fyrirtæki hafa gripið til uppsagna og verðhækkana til að mæta auknum kostnaði sem meðal annars kemur til vegna hárra launa í alþjóðlegum samanburði. Nú síðast upplýsti Ölgerðin að hún muni hækka verð á framleiðsluvörum um 2,9 prósent um miðjan september vegna verðlagshækkana og launaþróunar. Það verður í annað sinn á árinu sem fyrirtækið hækkar verð en í byrjun árs nam hækkunin 3,9 prósentum, samanlagt er því hækkunin 6,8 prósent. Coca-Cola á Íslandi hækkaði verð á sínum framleiðsluvörum um 3,3 prósent 1. júlí síðastliðinn vegna innlendra kostnaðarhækkana, eins og það var orðað.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að alþjóðleg samkeppnisstaða íslenskra framleiðslugreina fari versnandi vegna hás launakostnaðar. „Laun hafa hækkað skarpt á undanförnum árum. Forsvarsmenn fyrirtækja hafa beðið í lengstu lög með að velta kostnaðarhækkunum út í verðlagið og geta margir hverjir ekki beðið lengur. Það getur hver sem er séð að frekari launahækkanir sem ekki er innistæða fyrir munu fara beint út í verðlag,“ segir hann.

**Forsvarsmenn fyrirtækja hafa beðið í lengstu lög með að velta kostnaðarhækkunum út í verðlagið og geta margir hverjir ekki beðið lengur með.**



Ólafur Stehensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

**Þekkt iðnaðarfyrirtæki eins og Plastprent og Kassagerðin hafa horfið.**



Ásgeir Jónsson, forseti Hagfræðideildar Háskóla Íslands

**Hættan er sú að framleiðsla og störf fari úr landi ef þessi þróun heldur áfram.**



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

### Iðnaður á undir högg að sækja

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, segir að almennt séð eigi iðnaður á Íslandi undir högg að sækja vegna síhækkandi kostnaðar og samkeppni við innfluttar vörur. „Þekkt iðnaðarfyrirtæki eins og Plastprent og Kassagerðin hafa horfið. Hátt gengi krónu og miklar launahækkanir á undanförnum árum eru Þrándur í Götu þeirra.“

Að hans sögn eiga þau fyrirtæki sem framleiða þekkt vörumerk er njóta neytendatryggðar hægara um vik að fleyta kostnaðarhækkunum í verðlag. „Þau fyrirtæki sem ekki framleiða vörur sem studd eru af þekktum vörumerkjum eiga í mestum erfiðleikum með að hækka verð. Þau fyrirtæki standa því veikar. Það kæmi mér ekki á óvart að í þessu árferði reyni fyrirtæki sem hafa markaðsvald í krafti þekktra vörumerkja með neytendatryggð, eins og Ölgerðin og Vífilfell, að vinna með það,“ segir Ásgeir.

### Uppsagnir fyrirtækja

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að mörg fyrirtæki hafi gripið til hagræðingaraðgerða og sagt upp starfsfólki síðastliðið ár. Oddi sagði 86 starfsmönnum upp við upphaf árs þegar fyrirtækið hætti innlendri framleiðslu á plast- og bylgjuumbúðum, CCP sagði upp 30 starfsmönnum veturinn 2017 og Ölgerðin sagði upp 15 starfsmönnum fyrir um ári. „Um þessar mundir er gerð enn ríkari krafa um hagræðingu en áður. Hættan er sú að framleiðsla og störf fari úr landi ef þessi þróun heldur áfram, “ segir hann.

Sigurður bendir á að íslensk framleiðslufyrirtæki eigi yfirleitt í erlendri samkeppni. Hvort sem það er í útflutningi eða í samkeppni við erlendar vörur hérlendis. Efnahagslegur óstöðugleiki og sveiflur í gengi krónu geri fyrirtækjum erfitt fyrir að skipuleggja reksturinn til lengri tíma. „Samspil launahækkana og gengisþróunar á undanförnum árum hafa gert það að verkum að kostnaður hefur hækkað mikið. Laun mæld í erlendri mynt hafa hækkað gríðarlega og eru há í alþjóðlegum samanburði. Við bætist að skattar á fyrirtæki hérlendis eru háir í alþjóðlegum samanburði. Þar munar mestu um tryggingagjaldið sem er skattur á laun. Auk þess skapaði lágt raforkuverð hérlendis landinu samkeppnisforskot en nú hefur dregið úr þeim mun. Þegar þetta leggst saman er myndin nokkuð skýr. Fyrirtæki verða að bregðast við með því að hækka verð eða fækka starfsmönnum eins og kom raunar fram í könnun sem við gerðum meðal okkar félagsmanna.“

Það styttist í kjaraviðræður á milli launþegahreyfinga og atvinnulífsins. „Staðan er sú að það er lítið sem ekkert til atvinnurekenda að sækja,“ segir hann.

### Hækkaði um 65 prósent

Raungengi krónu miðað við hlutfallslegan launakostnað hækkaði um 65 prósent á árunum 2011 til 2017, samkvæmt gögnum frá Seðlabankanum. Launakostnaður á framleidda einingu hækkaði um 33 prósent hér á landi á sama tímabili samanborið við níu prósent í OECD-ríkjunum.

helgivifill@frettabladid.is





Ölgerðin hefur hækkað verð um 6,8 prósent í ár vegna verðlagshækkana og launaþróunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Erlendir framleiðendur þurfa líka að hækka verð

Erlendis reyna framleiðendur einnig að hækka vöruverð í kjölfar hækkana á hrávörumörkuðum. Procter & Gamble, sem ÍSAM er með umboðið fyrir, hefur hækkað verð á bleyjum, klósettpappír og eldhúsrúllum í Bandaríkjunum um fjögur til fimm prósent. Coca-Cola hefur einnig hækkað verð vegna ýmissa kostnaðarhækkana, allt frá flutningi til áls. Whirlpool mun einnig fleyta tollahækkunum á stáli og áli til neytenda. Þetta kemur fram í frétt Financial Times.

Fyrirtæki á neytendavörumarkaði á borð við P&G, Unilever og Colgate-Palmolive hafa lengi átt erfitt með að fleyta auknum kostnaði í vöruverð vegna aukinnar samkeppni frá keppinautum á netinu og vegna þess að smásalar selja í auknum mæli ódýrari vörur undir eigin vörumerki.






brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is


Kveiktu á gleðinni
Tryggðu þér áskrift á Stod2.is
Ný og betri verð
1.990 kr.
MARAÞON
6.990 kr.
9.990 kr.
SPORT



Galtárlón blasir við í Efri-Hveradal. Göngufólk er þarna komið í nálega 1.700 metra hæð. Þessi fagra sýn kemur mörgum á óvart. MYND/HERMANN ÞÓR

# Sjóðandi heitur Hveradalur í Kverkfjöllum

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Skýrasta dæmið um stefnumót elds og íss má sjá í Efri-Hveradal í Kverkfjöllum. Þessi afskekkti dalur liggur í tæplega 1.700 metra hæð en er engu að síður eitt stærsta háhitasvæði landsins. Í botni dalsins eru risastórir leirhverir og hlíðarnar þaktar sjóðandi gufuhverum. Við suðurendann gnæfir síðan Vatnajökull og fyrir framan hann Galtárlón sem skartar snotrum ísjökum á blágrænu vatni. Galtárlón er vestari sigketillinn af tveimur í Kverkfjöllum, en sá eystri kallast því frumlega nafni Gengissig. Nafngiftina má rekja til sífelldra breytinga á vatnsyfirborði lónsins, en líkt og Galtárlón tæmast þessi lón reglulega með tilheyrandi jökulhlaupum. Þessi síbreytileiki Kverkfjalla gerir svæðið sérstaklega heillandi.

Það er töluvert mál að komast í Efri-Hveradal. Frá Sigurðarskála er 20 mínútna akstur að jökulrönd Kverkjökuls. Við mælum með því að ganga yfir Kverkjökul á mannbroddum, en þessi skriðjökull er tilkomumikill en yfirleitt auðveldur yfirferðar. Á jöklinum er stefnt á vestari klett Kverkarinnar. Þar verður að krækja fyrir sprungur áður en komist er á Löngufönn. Eins og nafnið gefur til kynna er hún löng og getur því reynst sumum erfið.

Eftir dágóða göngu er komið að skála Jöklarannsóknarfélagsins sem er á milli sigkatlanna tveggja. Þar er tilvalið að kasta mæðinni. Á nálægum hrygg vestan skálans sést ofan í Efri-Hveradal og er útsýnið engu líkt. Þarna blasir við Bárðarbunga, Dyngjujökull, Kistufell, Trölladyngja, Dyngjufjöll og sjálf Herðubreið. Þeir sem eiga orku aflögu ættu að skella sér ofan í dalinn og njóta dýrðarinnar. Ómerkt leiðin niður í dalinn er leirborin og sleip og því ágætt að taka með sér göngustafi og ísöxi. Gangan í Efri-Hveradal tekur 10 til 12 klukkustundir og krefst jöklabúnaðar.



FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðsappinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.



Gönguhópur á leiðinni upp Löngufönn. MYND/ÓMB



Efri-Hveradalur er eins og stórt gufubað. MYND/HÞS



Náttúran í Kverkfjöllum er síbreytileg. MYND/ÓMB



Eystri sigdældin í Kverkfjöllum nefnist Gengissig. Vatnshæðin þar er afar breytileg. MYND/HERMANN ÞÓR

# smashbox & GLAMGLOW®




## 20% afsláttur 23.–29. ágúst

**af öllum Smashbox og Glamglow vörum í snyrtivöruverslunum Hagkaups***
**Falleg budda fylgir** með hverri keyptri Smashbox vöru!**
**Allir sem versla geta sett kvittun í pott og átt möguleika á að fá veglegan vinning frá Smashbox og Glamglow.**




**Smashbox fæst í Hagkaup Smáralind og Kringlu. Glamglow fæst í Hagkaup Smáralind, Kringlu og Garðabæ. **Á meðan birgðir endast*

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*



Útsýnið frá Kverkfjöllum á björtum degi er mikilfenglegt. Hér sést yfir Kverkjökul, Kverkfjallarana, áleiðis til Herðubreiðar og Upptyppinga. MYND/HERMANN ÞÓR



Hér er horft í átt til Herðubreiðar frá Efri-Hveradal. Gufurnar í Hveradal slæðast inn í rammann. MYND/HÞS



Í Efri-Hveradal. Þarna er eitt stærsta háhitasvæði landsins. MYND/HÞS

Við mælum með því að ganga yfir Kverkjökul á mannbroddum, en þessi skriðjökull er sérlega tilkomumikill og yfirleitt auðveldur yfirferðar. Á jöklinum er stefnt á vestari klett Kverkarinnar. Þar verður að krækja fyrir sprungur áður en komist er á Löngufönn. Þarna er hún yfirleitt lítt sprungin. Eins og nafnið gefur til kynna er hún löng og getur því reynst sumum erfið.



Horft ofan í Efri-Hveradal. Háhitasvæðið blasir við. Leiðin niður er leirborin og getur verið sleip. Gott getur verið að hafa ísöxi við höndina. MYND/HERMANN ÞÓR

# X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ

Nýr Grandland X fullkomnar flokk sportjepplinga frá Opel.
Hver þeirra þriggja hentar þér best?

**UPPSELDUR!**
Ný sending væntanleg




EURO NCAP

## Opel Grandland X

**Grandland X** er flaggskip sportjepplinga Opel og á frábæru verði. Hér eru þægindi, hátækni og lúxus staðalbúnaður.

Verð frá: **3.990.000 kr.**

Frumsýningartilboð:

**Verð frá: 3.790.000 kr.**




**Aðeins örfá eintök eftir á þessu frábæra tilboði!**

## Opel Mokka X

**Mokka X** er flottur fjórhjóladrifinn sportjepplingur sem sameinar lipurð og styrk.

Verð : **4.990.000 kr.**

Tilboðsverð: **4.490.000 kr.**

EURO NCAP

Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt EURO NCAP.

## Opel Crossland X

**Crossland X** kemur þér hvert á land sem er, allt í senn öruggur, rúmgóður, sparsamur og þægilegur.

Verð frá: **3.090.000 kr.**

Tilboðsverð: **2.890.000 kr.**




Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

5 ára ábyrgð

Reynsluaktu **Opel** og þú gætir unnið **Opel Karl** til afnota í heilt ár

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Pipar\TBWA \ SÍA

Kynntu þér **Opel** og bókaðu reynsluakstur á **opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# Heimur Míu



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fyrir framan hús í Brautarholti stóð á dögunum lítil stúlka, sennilega tæplega tveggja ára gömul, og horfði heilluð í gegnum hvítt rimlagrindverk meðan faðir hennar stóð þolinmóður hjá. Þau stóðu þarna dágóða stund og allan tímann horfði dóttirin, Mía, einbeitt í sömu átt. Þeir fullorðnu sem hefðu leitast við að setja sig í spor Míu litlu og kannað hvað heillaði hana svo mjög hefðu ekki séð neitt sérlega spennandi. Mía var bara að horfa á grasbreiðu fyrir framan hús. Það var ekkert sérstakt við þetta gras, það var reyndar mikið en afskaplega venjulegt eins og gras er í hugum flestra. Ef einhver hefði verið skikkaður til að finna eitthvað lofsvert við grasið hefði viðkomandi sennilega helst sagt, eftir nokkra umhugsun, að það væri fallega grænt, en hefði svo sem ekki mikið annað til málanna að leggja.

Mía litla er svo lánsöm að hafa hæfileika til að hrífast af því einfalda og það svo mjög að hún horfði einbeitt á hversdagslegt gras í dágóðan tíma og var alsæl með það sem hún sá. Hún var ekkert að flýta sér heldur naut stundarinnar. Það má margt læra af Míu. Eins og til dæmis það að staldra við og njóta og gefa sér dágóðan tíma til þess.

Mía er svo ung og forvitin að hún er enn upptekin af umhverfi sínu og sér alls kyns undur í því hversdagslega og fegurð í því sem flestir veita litla sem enga athygli. Ástæða er til að ætla að vegna ungs aldurs hafi Mía ekki fengið snjalltæki í sínar litlu hendur. Tæki sem laðar eigandann að sér þannig að hann grúfir sig yfir það við öll möguleg tækifæri og glápir á það löngum stundum og er meinilla við að skilja það við sig. Eigandanum væri nær að leggja frá sér tækið og virða fyrir sér einföld náttúruundur, eins og gras og ský. Ef nútímamaðurinn gerði meira af því að njóta hins einfalda myndi vellíðan hans sennilega aukast þó nokkuð. Það veitir sannarlega ekki af.

Hver rannsóknin á fætur annarri sýnir að hinn dæmigerði nútímamaður þjáist af kvíða og streitu og á jafnvel erfitt með einbeitingu, enda býr hann við sífellt áreiti. Hann er vinnulúinn og glímir við kulnun í starfi. Um leið er hann umvafinn tækjum og tólum sem eiga að gera líf hans auðveldara og gera það upp að vissu marki en geta samt ekki fært honum hina mjög svo eftirsóknarverðu hugarró. Á sama tíma þarf nútímamaðurinn að lifa við þá staðreynd að hann hefur hagað sér svo óvarlega og kæruleysislega að loftslagsbreytingar af hans völdum eru að valda ólýsanlegum hörmungum sem eiga enn eftir að færast í aukana.

Það er svo sem engin sérstök ástæða til að vera yfirmáta bjartsýnn fyrir hönd mannkynsins, sem er komið nokkuð á veg með að tortíma sjálfu sér. Það er þó ekki alveg vonlaust að bjarga megi heiminum. Það verður helst gert ef nýjar kynslóðir kjósa aðra og betri vegferð en þá sem nú er farin. Í því felst ekki síst að standa með náttúrunni, virða hana og vernda og gefa sér um leið tíma til að njóta hennar heilshugar.

**Það má margt læra af Míu. Eins og til dæmis það að staldra við og njóta og gefa sér dágóðan tíma til þess.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þúsund evrur**

**Ungir jafnaðarmenn buðu á dögunum Sigríði Á. Andersen dómsmálaráðherra þúsund evrur fyrir að segja af sér sem ráðherra. Tilefnið er undirbúningur reglugerðarsetningar þar sem hælisleitendur eru styrktir til brottfarar eftir synjun á umsókn þeirra. Styrkurinn lækkar eftir því sem viðkomandi dregur það að svara. Ekki fylgdi sögunni hjá jafnaðarmönnunum hvort tilboð þeirra myndi fara lækkandi með hverjum deginum sem ráðherrann tekur sér í umhugsunarfrest. Ósennilegt er að ráðherra taki tilboðinu enda með meirapróf í að sitja í gegnum hin ýmsu mál.**

**Mútutilboð?**

**Þessu tengt er ekki úr vegi, svona upp á djókið, að rifja upp 109. grein almennra hegningarlaga. Þar segir að hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni, alþingismanni eða gerðarmanni gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annars, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að fjórum árum. Refsingin má vera sektir ef málsbætur eru fyrir hendi. Ákvæðið á vafalaust ekki við í þessu tiltekna máli en þrátt fyrir það má ímynda sér að það yrði stórskemmtilegt áhorfs.**

**joli@frettabladid.is**

# Aðgerðir í leikskólamálum skila árangri



Skúli Þór Helgason
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Mun betur gengur að ráða í lausar stöður á leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi en undanfarin ár. Lausar stöður eru nú helmingi færri í leikskólum og grunnskólum en á sama tíma í fyrra og horfurnar betri í frístund. Nú er búið að ráða í nær 94% stöðugilda í leikskólum borgarinnar og 98% í grunnskólunum. Eftir er að ráða í 62 stöðugildi á leikskólum sem er að meðaltali eitt stöðugildi á hvern hinna 62 leikskóla borgarinnar. Tvöfalt fleiri leikskólar eru fullmannaðir. Þennan árangur má þakka góðu samstarfi stjórnenda leikskóla og starfsfólks skóla- og frístundasviðs, markvissri kynningarherferð um mikilvægasta starf í heimi, markhópavinnu gagnvart háskólanemum og ungu fólki og kynningu á þeim umtalsverðu hlunnindum sem bjóðast starfsfólki hjá leikskólum borgarinnar, s.s. afslætti af leikskólagjöldum, samgöngustyrkjum, ókeypis máltíðum, menningar- og sundkortum, fjármagni til heilsueflingar o.m.fl. Síðast en ekki síst hefur verið gripið til fjölmargra aðgerða til að bæta starfsumhverfið, s.s. með hækkun launa, fjölgun undirbúningstíma, auknu rými fyrir börn og starfsfólk, fjölgun starfsfólks á elstu deildum o.fl. Þróunin er í rétta átt en vissulega er enn verk að vinna. Við verðum ekki ánægð fyrr en leikskólarnir eru fullmannaðir og öll börn með úthlutað leikskólarými hafa hafið sína leikskólagöngu.

Nú eru um 200 börn á biðlista eftir leikskólaplássi og er því langur vegur frá að fullyrðingar um 1.600 barna biðlista fái staðist. Það sem meira er, allt bendir til að öll þessi 200 börn fái boð um leikskólavist í haust því nú eru ríflega 300 laus pláss á leikskólum borgarinnar. Og horfurnar eru góðar því við munum fjölga leikskólaplássum í haust með nýjum deildum við nokkra eftirsóttustu leikskóla borgarinnar og fjölgun barna við einkarekna leikskóla. Nýr meirihluti í borginni ætlar að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjölgun ungbarnadeilda og byggingu nýrra leikskóla auk aðgerða til að styrkja dagforeldrakerfið. Eftir þeirri stefnu störfum við af fullum krafti samhliða baráttu við að fjölga leikskólakennurum sem er forgangsmál til framtíðar.

**Tvöfalt fleiri leikskólar eru fullmannaðir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hvað gat Kaninn gert?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Stokkhólmur – Svíar lögðu niður herskyldu 2010, svo friðvænlegt sýndist þeim ástandið í álfunni. Sænski herinn varð þá atvinnuher, þ.e. her sem enginn þurfti lengur að ganga í gegn vilja sínum. Frelsi undan herskyldu var og er enn meginreglan í Evrópu. Herir Breta og Frakka, hryggjarstykkið í vörnum álfunnar, eru atvinnuherir þar eð herskylda var afnumin í Bretlandi 1963 og Frakklandi 2001. Þjóðverjar afnámu herskyldu 2011 þótt hún sé heimiluð í stjórnarskrá landsins. Herir Danmerkur og Noregs eru atvinnuherir að langmestu leyti. Finnland hefur þá sérstöðu að finnskir karlmenn 18 ára og eldri þurfa að gegna herskyldu í næstum heilt ár og vera síðan reiðubúnir til herþjónustu. Konur eru velkomnar í finnska herinn þótt herskyldan nái ekki til þeirra. Nábýlið við Rússa, vetrarstríðið 1939-1940 og framhaldsstríðið 1941-1944 bregða birtu á þessa sérstöðu Finna.

**Breytt viðhorf**

Svíar tóku aftur upp herskyldu 2017. Það voru viðbrigði. Sænska ríkisstjórnin gaf þá skýringu á breytingunni að Rússar létu ófriðlega. Þeir höfðu innlimað Krímskaga 2014 – ólöglega segja Svíar, Nató, Úkraínustjórn o.fl., löglega segja Rússar. Nokkru áður hafði Viktor Yanukovych, forseti landsins, horfið skyndilega frá að staðfesta frágengið samkomulag um viðskipti Úkraínu við ESB, hrakizt úr embætti og flúið til Rússlands þar sem hann hefur haldið sig síðan. Hann bíður nú dóms fyrir landráð í heimalandi sínu. Forsetabústað hans með einkadýragarði, gullklósettum o.fl. hefur verið breytt í safn. Úkraína er gerspillt. Forseti landsins nú, Petro Poroshenko, var í Panama-skjölunum, en þar fundust að vísu mun færri Úkraínumenn en Íslendingar.

> **Samband Bandaríkjanna og Rússlands er að sumu leyti verra nú en í kalda stríðinu. Afskipti Rússa af bandarísku forsetakosningunum 2016 – nauðvörn, myndu margir Rússar segja – spilla ástandinu og það gera einnig morð á rússneskum blaðamönnum, stjórnarandstæðingum o.fl. og meðfylgjandi efnahagsþvinganir gegn Rússum í mótmælaskyni af hálfu Bandaríkjastjórnar.**

Borgarastríð með aðild Rússa geisar enn í austur-hluta Úkraínu. Áður höfðu Rússar ráðizt á Georgíu 2008. Rússneskar herþotur höfðu rofið lofthelgi Svíþjóðar og flogið hættulega nærri farþegaflugvélum SAS. Sænska leyniþjónustan sagðist einnig vita um árásir Rússa á tölvukerfi í Svíþjóð, sams konar árásir og Eistar höfðu orðið fyrir. Almenningur í Svíþjóð virtist líta málið sömu augum og stjórnvöld. Meiri hluti sænskra kjósenda 2014 var skv. skoðanakönnunum orðinn hlynntur inngöngu Svíþjóðar í Nató.

**Hver ber sökina?**

Mönnum ber ekki saman um skýringuna á þessum skyndilegu umskiptum. Sumir kenna Rússum um eða réttara sagt Pútín forseta og mönnum hans. Aðrir skella skuldinni á Kanann.

Árin eftir 1991 þegar Kommúnistaflokkurinn missti völdin í Sovétríkjunum og landið leystist upp í frumeindir sínar, 15 sjálfstæð ríki, þóttust margir sjá hilla undir framfarir og frið í stað kalds stríðs og stöðnunar þar eystra. Margir töldu líklegt að Rússar og aðrar þjóðir sem kommúnisminn hafði haldið í fjötrum fátæktar hlytu að fagna nýfengnu frelsi með því að semja sig að háttum þeirra þjóða – Bandaríkin, Kanada, Bretland, Frakkland, Þýzkaland o.s.frv. – sem höfðu náð miklu betri árangri með markaðsbúskap og lýðræði. Hugsunin var að nýfrjálsar þjóðir hlytu að neyta lags. Til að flýta fyrir þeirri niðurstöðu kölluðu sumir eftir nýrri Marshallaðstoð handa Rússum o.fl. í ljósi reynslunnar af því hvernig Evrópa var reist úr rústum heimsstyrjaldarinnar síðari eftir 1945.

**Versnandi samskipti**

Bandaríkjastjórn hlýddi ekki þessu kalli. Sumir töldu að Kaninn kærði sig ekki um að hjálpa Rússum, betra þætti að hafa Rússland veikt. Rússar létu þetta ekki á sig fá framan af en þeir segja nú margir að þeir hafi smám saman komizt að þeirri niðurstöðu að Kaninn væri ósannfærandi samherji. Rússar fordæmdu sprengjuárásir Nató á Júgóslavíu 1999 og sögðu þær brjóta gegn alþjóðalögum. Natóríkin sögðu árásirnar löglegar og nauðsynlegar til að stöðva þjóðarmorð. Rússum mislíkaði einnig að Eystrasalts- og Austur-Evrópuríkjum skyldi veitt innganga í Nató. Kaninn á einfalt svar við því atriði: Allar þessar þjóðir óskuðu eftir inngöngu. Það var ekki hægt að hafna umsóknum þeirra eftir það sem á undan var gengið.

Samband Bandaríkjanna og Rússlands er að sumu leyti verra nú en í kalda stríðinu. Afskipti Rússa af bandarísku forsetakosningunum 2016 – nauðvörn, myndu margir Rússar segja – spilla ástandinu og það gera einnig morð á rússneskum blaðamönnum, stjórnarandstæðingum o.fl. og meðfylgjandi efnahagsþvinganir gegn Rússum í mótmælaskyni af hálfu Bandaríkjastjórnar. Bandaríkjamenn kalla Rússland þjófræðisríki og benda á ríkidæmi Pútíns forseta, Medvedevs forsætisráðherra o.fl. stjórnmálamanna og vina þeirra. Æ fleiri Bandaríkjamenn orða einnig eigið land við fáveldi (e. oligarchy) enda hefur lýðræði í Bandaríkjunum hrakað undangengin ár. Mörgum þykja horfurnar ískyggilegar.

**Það sést langar leiðir**

Trump Bandaríkjaforseti sætir rannsókn fyrir samskipti sín við Rússa, samskipti sem John Brennan fv. forstjóri leyniþjónustunnar CIA kallar næsta bæ við landráð. Aðrir benda á að Trump forseti hafi verið í slagtogi með rússnesku mafíunni í meira en 30 ár. Enn aðrir segja: Hlustið og horfið á manninn! Hann er eins og Berlusconi. Það sést á honum langar leiðir að hann er gangster.



# Uppbygging fyrir almenning



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Frá því að staða efnahagsmála tók að batna eftir efnahagshrunið hefur krafan um að ávinningurinn skili sér í auknum mæli til alls almennings með uppbyggingu samfélagslegra innviða verið háværr. Þó að þeim ríkisstjórnum sem komu í kjölfar endurreisnarstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur hafi tekist ágætlega upp við að fylgja eftir endurreisn efnahagslífsins stóðu eftir óuppfylltar væntingar um uppbyggingu samfélagslegra innviða. Núverandi ríkisstjórn hefur einsett sér að gera betur og telur slíka uppbyggingu sitt forgangsverkefni.

Gott efnahagsástand undanfarin ár og tekjur sem ríkið hefur fengið á grundvelli svokallaðra stöðugleikasamninga hafa gert ríkissjóði kleift að greiða niður skuldir og styrkt stöðu hans verulega. Þannig hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um 88 milljarða á undanförnum tólf mánuðum. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að þessi sterka staða verði nýtt til að ráðast í samfélagslega uppbyggingu sem miðar að því að jafna og bæta lífsgæði landsmanna. Í þeirri vinnu hefur ríkisstjórnin þau leiðarljós að tryggja farsælt efnahagslíf, samfélagslegan ávinning og framsækni í umhverfismálum.

### Framar fyrirheitum

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að leggja fram fjárlagafrumvarp sem tryggði aukin fjárframlög upp á 55 milljarða króna til samfélagslegra verkefna án þess að það kæmi niður á afkomu ríkissjóðs. Fjárlögunum var síðan fylgt eftir með fjármálaáætlun til fimm ára sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor og felur í sér að framlög til mikilvægra málaflokka verða aukin jafnt og þétt til ársins 2023. Samtals hefur ríkisstjórnin því tryggt að á sex árum munu árleg framlög til mikilvægra mála verða aukin um 140 milljarða króna, þar af verða árleg framlög til heilbrigðismála um 60 milljörðum hærri en þau voru árið 2017.

Til þess að setja þessa innspýtingu til samfélagslegra verkefna í samhengi þá lofuðu þeir stjórnmálaflokkar sem lengst gengu fyrir síðustu tvennar kosningar 40-50 milljarða aukningu á fjórum til fimm árum. Við getum líka horft á þessa 140 milljarða aukningu í samhengi við sameiginlegar breytingartillögur stjórnarandstöðunnar við fjárlög ársins 2016 sem þóttu á þeim tíma róttækar en fólu í sér 16 milljarða aukningu. Það þarf því ekki að deila um að áform ríkisstjórnarinnar um samfélagslega uppbyggingu ganga framar öllum fyrirheitum sem gefin voru fyrir síðustu tvennar kosningar.

### Bætt opinber þjónusta og kolefnishlutlaust Ísland

Allir landsmenn eiga að geta treyst á örugga heilbrigðisþjónustu þegar eitthvað bjátar á. Styrking heilbrigðiskerfisins hefur verið forgangsmál í hugum landsmanna þegar viðhorf þeirra hefur verið kannað til mikilvægustu málaflokkanna fyrir kosningar síðustu ára.

Markmið ríkisstjórnarinnar er að tryggja að fólk geti einfaldlega treyst því að fá viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar á reynir. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka framlög til heilbrigðismála um 19% að raunvirði á næstu fimm árum, til viðbótar við þá 11% aukningu sem ákveðin var í fyrstu fjárlögum ríkisstjórnarinnar. Mikilvægasta verkefnið er að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga á tímabili fjármálaáætlunar, þannig að hlutdeild sjúklinga hérlendis verði sambærileg því sem gerist á Norðurlöndunum. Þetta er samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni ein mikilvægasta jöfnunaraðgerð sem hægt er að ráðast í. Þá hefur núverandi heilbrigðisráðherra lagt áherslu á að forgangsraða í þágu geðheilbrigðismála og heilsugæslunnar um land allt.

Öryggi á þjóðvegum og greiðar samgöngur eru stórmál fyrir alla landsmenn. Það hefur legið fyrir lengi að þörf hefur verið á innspýtingu í samgöngumálin. Eitt af fyrstu verkefnum núverandi ríkisstjórnar var að setja strax fjóra milljarða til viðbótar inn í samgöngumál. Settir verða 16,5 milljarðar inn í samgönguframkvæmdir til viðbótar við fyrri áætlanir þannig að fjárfestingar í þessum geira munu nema um 124 milljörðum á næstu árum. Samgönguáætlun verður lögð fram í haust og þar munu birtast fyrirætlanir um úrbætur í samgöngumálum sem munu nýtast um land allt, bæði í almenningssamgöngum og vegaframkvæmdum.

Aukin framlög til menntunar, bæði framhaldsskóla en ekki síst háskólastigsins, endurspegla þann skýra vilja ríkisstjórnarinnar að horfa til framtíðar og tryggja atvinnusköpun sem hvílir á hugviti og þekkingarsköpun. Öll sú uppbygging mun skila sér í samfélagslegum ávinningi fyrir almenning í landinu og tryggja aukinn jöfnuð.

Sömuleiðis er mikilvægt að minna á að yfir stendur vinna í samráði við forsvarsmenn heildarsamtaka öryrkja um hvernig unnt er að breyta almannatryggingakerfinu

Gott efnahagsástand undanfarin ár og tekjur sem ríkið hefur fengið á grundvelli svokallaðra stöðugleikasamninga hafa gert ríkissjóði kleift að greiða niður skuldir og styrkt stöðu hans verulega.

og bæta kjör öryrkja en gert er ráð fyrir alls 6 milljörðum til viðbótar í þann málaflokk í komandi fjárlagafrumvarpi.

Styrk stjórn efnahagsmála og uppbygging samfélagslegra innviða eru mikilvæg verkefni en ekki skipta umhverfismálin minna máli. Ný og framsækin aðgerðaáætlun í loftslagsmálum verður kynnt nú í haust þar sem fyrstu skrefin í átt að kolefnishlutlausu Íslandi verða kynnt. Þar verða allir aðilar kallaðir að borðinu þannig að Ísland geti skipað sér í hóp framsæknustu ríkja heims í loftslagsmálum.

### Gerum góða stöðu betri fyrir alla

Þegar lykiltölur eru skoðaðar fyrir Ísland má ljóst vera að ólíkt mörgum nágrannalöndum hafa Íslendingar unnið mjög vel úr hruninu og flestar kennitölur stefna í rétta átt. Skuldastaða ríkissjóðs fer batnandi, kaupmáttur hefur aukist verulega vegna þess að aukin verðbólga hefur ekki fylgt launahækkunum, ekki síst vegna hagfelldra ytri aðstæðna. Ríkisstjórnin hefur þegar gripið til þeirrar jöfnunaraðgerðar að lækka kostnað sjúklinga og var því forgangsraðað að lækka tannlæknakostnað aldraðra og öryrkja með nýrri gjaldskrá sem tekur gildi á næstu dögum. Kostnaður sjúklinga verður lækkaður í skrefum þannig að hann verði í takt við önnur Norðurlönd eða 16,5% í lok tímabils fjármálaáætlunar. Opinber fjárfesting er á uppleið sem er afar mikilvægt þegar hægt hefur á hagvexti til að tryggja áframhaldandi velsæld.

Ríkisstjórnin er staðráðin í að halda áfram á þessari braut. Eitt mikilvægasta verkefnið á þeirri leið er gott samstarf stjórnvalda og vinnumarkaðar. Núverandi ríkisstjórn hefur þegar haldið tíu fundi með aðilum vinnumarkaðarins, forsvarsmönnum Sambands sveitarfélaga og ríkissáttasemjara þar sem ýmis mál hafa verið rædd. Sum þeirra hafa þegar skilað sér í aðgerðum. Þannig voru atvinnuleysisbætur og greiðslur úr ábyrgðarsjóði launa hækkaðar í vor og kjararáð hefur verið lagt niður eftir ítarlega greinargerð sem unnin var í samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Frekari aðgerðir eru í undirbúningi og þar verður hlustað náið eftir óskum aðila vinnumarkaðarins.

Fram undan er endurskoðun laga um Seðlabankann sem mun styrkja umgjörð peningastefnunnar. Sömuleiðis stendur yfir vinna til að styrkja umgjörð fjármálakerfisins og síðast en ekki síst er hafin vinna við hvernig við Íslendingar ætlum að takast á við tæknibreytingar sem oft eru kenndar við fjórðu iðnbyltinguna og hvernig við getum tryggt að hugvit og þekkingariðnaður verði ein af grundvallarstoðunum fyrir íslenskt efnahagslíf til framtíðar.

Það er þetta mikilvæga jafnvægi samfélags, umhverfis og efnahags sem núverandi ríkisstjórn stendur fyrir. Það er leiðarljós sem mun verða íslensku samfélagi mikilvægt til framtíðar og tryggja bætt lífskjör alls almennings.

# Ekkert er nýtt undir sólinni



Sigurður Páll Jónsson
þingmaður Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi

Ekkert er nýtt undir sólinni,“ segir máltækið og „hvað ungur nemur, gamall temur“ er eitt þeirra. Þegar ég var unglingur hlustaði maður á hvað fullorðnir voru að fjalla um sín á milli og hvað var í fréttum, maður las í það sem var uppbyggilegt og spennandi, eins það sem var óhuggulegt og miður skemmtilegt, jafnvel óhugnanlegt eins og náttúruhamfarir, stríð og annað sem ógnaði þeim friði bæði sálar og samfélagslega sem maður var uppalinn við. Sennilega er mín kynslóð uppalin á einum mestu friðartímum í langan tíma. Kalda stríðið og kjarnorkuógnin var mikið í fréttum og sú umræða skelfdi unglingshjartað. Víetnamstríðið, Kúbudeilan, og o.fl. voru í fréttum. Náttúruhamfarir, eins og eldgosið í Vestmannaeyjum, eru mér í fersku minni, þegar íbúarnir voru fluttir upp á land og allt sem því fylgdi. Hugleiðingar manns um tilgang lífsins, gang sólarinnar og þá staðreynd að lífið hér á jörðinni væri frekar einstakt komu manni í opna skjöldu og sú staðreynd að samspil ýmissa þátta yrði að ganga upp svo það gæti gengið. Þetta fór að vekja bæði áhuga og áhyggjur. Mengun var eitthvað sem við mörlandinn töluðum um að væri bara í útlöndum og þeir yrðu að taka til heima hjá sér, við værum stikkfrí, eða þannig.

Þessar minningar hafa poppað mikið upp hjá undirrituðum upp á síðkastið þegar hlýnun jarðar er eins og hún er og talin að hluta til af manna völdum. Ég er frekar tregur í taumi þegar fullyrðingar eru annars vegar og hefur það valdið mér angist í þessari umræðu, kannski vakið upp sektarkennd, en vísindin eru nánast sammála og það hlýtur maður að virða. Eitt er það sem ég finn í kringum mig en það eru áhyggjur unga fólksins af málinu og sú ábyrgðartilfinning þeirra að vinna úr málinu eins og mannlegur máttur getur þegar þau taka við keflinu af okkur fullorðna fólkinu. Hvort sem nýtt Nóaflóð er í vændum eða eitthvað annað finnst mér að tillit til ungu kynslóðarinnar verði að vera í fyrirrúmi þegar þessi mál eru rædd.

En að aðgerðum hér á landi, sem ég veit að við Íslendingar í ljósi sögunnar getum framkvæmt þegar við stöndum saman, í þeirri trú að það sé öllum til heilla. Þar sem þjóðin þarf að fá á tilfinninguna er að hafa trú á verkefninu, þá er enginn vafi í mínum huga að árangur í minnkun útblásturs tækja sem brenna jarðefna eldsneyti verður hraðari.

Nú er kolefnisgjald á bensíni og olíu komið á og mun fara hækkandi. Í svari umhverfisráðherra við einni af spurningum hve mikið kolefnisgjald hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, segir: „Kolefnisgjald setur verð á losun koldíoxíðs og skapar því fjárhagslegan hvata til þess að draga úr losun og leita til hreinni lausna.“ Gott og vel, til að leita hreinni lausna þurfa þær að vera til taks, en staðreyndin er að hreinar lausnir eru skammt á veg komnar og sérstaklega á landsbyggðinni. Til þess að öll þjóðin hafi trú á verkefninu verða stjórnvöld að standa í lappirnar og fá alla með sér í lið. Unga fólkið sem maður finnur að er áhyggjufullt yrði glaðara ef það fyndi að þjóðin stæði saman í þessum aðgerðum.

# Börnin 128



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Í haust munu 128 börn í Reykjavík ekki fá þau leikskólapláss sem hafði verið lofað. Þá á eftir að ráða starfsfólk í 84 stöðugildi. Ástandið er vissulega betra en á síðasta ári og því ber að fagna. Staðreyndin er þó sú að um 9% barna sem var lofað plássi komast ekki að. Það er óásættanleg staða. Líklega dugir foreldrum þessara barna skammt að vita að staðan hafi batnað.

Þá má ekki gleyma hversu mikilvægt það er fyrir börnin sjálf að komast tímanlega í leikskóla, fyrsta skólastigið, að fá þá örvun sem felst í því að eyða deginum með fagfólki, hafa aðgang að góðum útisvæðum og vera innan um börn á sama aldri.

Foreldrar munu því þurfa að gera aðrar ráðstafanir, með hjálp vina og vandamanna eða hreinlega með því að fresta endurkomu á vinnumarkað. Hluti þessara barna er hjá dagforeldrum eða í ungbarnaleikskólum ef þau eru þá lánsöm að halda plássum sínum, sem losna þá ekki fyrir önnur börn sem bíða eftir að komast að. Foreldrar þeirra þurfa þá einnig að gera ráðstafanir, mögulega að vera heima við lengur en til stóð. Í mörgum tilfellum þýðir þetta umtalsvert tekjutap eða kostnað við dýrari úrræði. Staðan bitnar því miður helst á tekjulægri foreldrum.

### Jafnréttismál

Rannsóknir sýna að barneignir hafa jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð á laun kvenna. Mæður barna eru mun lengur frá vinnumarkaði en karlar eftir barneignir. Konur eru því, enn sem komið er, mun líklegri til að vera heima með börnin komist þau ekki að í dagvistun. Lengri fjarvera frá vinnumarkaði hefur einnig áhrif á starfsframa. Skilvirkt kerfi dagvistunar er því ekki síst jafnréttismál. Það er því mikilvægur þáttur í að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði að Reykvíkingar hafi greiðan og tímanlegan aðgang að dagvistun.

Þá má ekki gleyma hversu mikilvægt það er fyrir börnin sjálf að komast tímanlega í leikskóla, fyrsta skólastigið, að fá þá örvun sem felst í því að eyða deginum með fagfólki, hafa aðgang að góðum útisvæðum og vera innan um börn á sama aldri.

Árangur hefur náðst en það þarf að gera miklu betur. Það gengur ekki að 9% barna fái ekki leikskólaplássin sín, að líf þessara fjölskyldna og aðstandenda sé í ákveðnu uppnámi. Að líf þeirra sem bíða eftir plássum hjá dagforeldrum og í ungbarnaleikskólum riðlist líka með þeim afleiðingum, meðal annars, að tækifæri kvenna á vinnumarkaði skerðist.

Þetta er langtímaverkefni sem þarf samt að vinnast hratt og það þarf að halda áfram vel á spöðunum. Við megum aldrei sofa á verðinum.

# FRUMLEGT OG FRÆÐANDI




**Þetta breytir öllu - Kapítalisminn gegn loftslaginu**
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-




**Skepnur eru vitlausar í þetta**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Gleymna óskin**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.799.-




**Ilmkjarnaolíur**
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-




**Sveppahandbókin**
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.




**Undraherbergið**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Súrkál fyrir sælkera**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-



**Reykjavík um 1900**
VILDARVERÐ: 9.999.-
Verð: 11.999.-




**Stalín**
VILDARVERÐ: 4.899.-
Verð: 5.799.-




**Hözzlaðu eins og þú verslar**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Syndaflóð**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Heimsendir**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 26. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Það tók Rúnar Alex Rúnarsson aðeins tvo leiki að halda hreinu í fyrsta sinn í Frakklandi, eitthvað sem tók liðið ellefu umferðir í fyrra. Hér sést hann í útileik gegn Montpellier sem Dijon vann 1-2. Sigurmarkið kom á lokasekúndunum. Dijon er með fullt hús í frönsku deildinni eftir tvær umferðir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mun meiri hraði í Frakklandi

**Rúnar Alex Rúnarsson er búinn að koma sér vel fyrir hjá liði Dijon í frönsku úrvalsdeildinni. Félagið er með fullt hús stiga eftir tvær umferðir og hélt hann hreinu í síðasta leik sem skilaði honum sæti í liði vikunnar.**

**FÓTBOLTI** Rúnar Alex Rúnarsson, markvörður íslenska landsliðsins, hefur byrjað vel í frönsku deildinni með Dijon eftir vistaskipti frá FC Nordsjælland í sumar. Var hann keyptur til félagsins meðan á HM stóð og greiddi franska félagið metupphæð fyrir íslenskan markvörð.

Dijon byrjaði tímabilið á tveimur sigrum og er ásamt Reims, Nimes og stjörnum prýddu liði PSG á toppi deildarinnar.

Tókst Rúnari Alex að halda hreinu í öðrum leiknum og var verðlaunaður með sæti í liði vikunnar í Frakklandi.

Hann kveðst vera búinn að koma sér vel fyrir í Frakklandi og frönskukunnátta hans úr skólagöngunni hjálpi honum að koma sér fyrir.

„Þetta hefur verið ansi gott hingað til. Við erum komin með allt sem við þurfum og fengum góða íbúð svo við erum búin að koma okkur vel fyrir. Ég lærði frönsku í grunn- og menntaskóla þannig að ég er með grunnkunnáttu í tungumálinu og skil margt sem er sagt við mig. Ég er ekki byrjaður í tímum en þá verður þetta fljótt að koma," segir Rúnar og að það hjálpi honum á æfingum.

„Þetta hefur hjálpað mér þvílíkt, ég skil flest af því sem þjálfarinn segir strax. Ef það gengur ekki eru nokkrir í liðinu sem tala góða ensku og geta aðstoðað," segir Vesturbæingurinn.

**Frábært að halda strax hreinu**

Gengið var frá félagsskiptunum meðan á HM stóð og var Rúnar því afar spenntur fyrir að hefja æfingar á ný eftir sumarfríið.

„Auðvitað var maður alltaf spenntur fyrir því að hefja nýtt ævintýri. Fyrst og fremst fann ég fyrir tilhlökkun yfir að koma og byrja að æfa með liðinu."

Eins og búast mátti við eru meiri gæði og meiri hraði í franska boltanum en þeim danska.

„Helsti munurinn á deildunum og á æfingunum er að hér er allt hraðara og leikmenn eru fjölhæfari. Í Danmörku eru leikmenn oft hraðir eða sterkir en ekki margir sem hafa báða eiginleikana. Það eru meiri gæði í leikjum og á æfingum, við það verð ég að stíga upp og bæta minn leik."

Dijon, sem er aðeins tuttugu ára gamalt félag eftir sameiningu tveggja liða í borginni Dijon, var að hefja þriðja tímabil sitt í röð í efstu deild. Félagið náði besta árangri sínum í efstu deild í fyrra þegar það lenti í ellefta sæti og byrjar tímabilið af krafti í ár.

„Þetta er góð byrjun, auðvitað stefnir maður alltaf á að vinna alla leiki en það var kannski framar björtustu vonum að ná í sex stig. Við byrjuðum á erfiðum útivelli gegn Montpellier þar sem sigurmarkið kom í uppbótartíma sem gerði heilmikið fyrir liðið og sjálfstraustið. Svo var flott að ná að halda hreinu strax í annarri umferð, það tók ellefu umferðir í fyrra," segir Rúnar sem var valinn í lið umferðarinnar af L'Equipe eftir að hafa haldið hreinu gegn Nantes.

> **Ég fékk strax traustið frá þjálfaranum og liðsfélögunum og það veitti manni aukið sjálfstraust.**
>
> Rúnar Alex Rúnarsson, markvörður íslenska landsliðsins

„Það gerir heilmikið fyrir mig til að fá strax virðingu frá stuðningsmönnunum og andstæðingunum. Ég fékk strax traustið frá þjálfaranum og öllum í liðinu, það veitti manni sjálfstraust en það þýðir ekkert að verða saddur núna. Ég verð að æfa vel, bæta mig og standa undir traustinu."

**Spennandi verkefni fram undan**

Rúnar Alex var hluti af HM-hópnum hjá Heimi Hallgrímssyni og verður eflaust í fyrsta leikmannahópnum hjá Erik Hamrén í fyrsta leiknum undir stjórn þess sænska.

„Heimir vann frábært starf með landsliðið og það var ótrúlega gaman að þetta endaði vel hjá honum með því að komast í lokakeppni HM. Góður endasprettur hans munu vonandi hjálpa Erik að taka við keflinu og vonandi getum við haldið áfram þessu góða gengi landsliðsins."

Hann kveðst spenntur fyrir því að mæta til æfinga og kynnast því að æfa undir stjórn Hamrén.

„Ég myndi ekki halda að það verði stórtækar breytingar en það kemur í ljós í Sviss. Þetta verður áhugavert, það er alltaf gaman að prófa og kynnast einhverju nýju. Ég fékk ekki að vinna með Lars á sínum tíma þannig að það verður gaman að kynnast sænskum þjálfunaraðferðum og læra vonandi eitthvað nýtt."

Hann horfði meðal annars til þess hvað félagsskiptin til Frakklands myndu þýða fyrir landsliðsferilinn.

„Auðvitað spilaði það inn í ákvörðunina að fara í stærri deild til að auka möguleika mína á að spila fyrir landsliðið en það eru margir þættir sem hafa áhrif. Ég verð að standa mig með félagsliðinu mínu og þetta verður alltaf undir þjálfaranum komið. Auðvitað dreymir mann eins og alla um að spila reglulega fyrir hönd íslensku þjóðarinnar en það verður að koma í ljós."

kristinnpall@frettabladid.is

## Reusch hefur alltaf verið með frábæra markmannshanska

Rúnar Alex skrifaði nýlega undir samning við ítalska fyrirtækið Reusch um samstarf þegar kemur að markmannshönskum.

Mun hann áfram vera samningsbundinn Nike þegar kemur að skófatnaði. Reusch var um árabil eitt þekktasta merki heims í markmannshönskum en minna hefur farið fyrir fyrirtækinu undanfarin ár. Meðal markmanna sem eru á samningi hjá fyrirtækinu eru Julio Cesar, fyrrverandi landsliðsmarkvörður Brasilíu, og Samir Handanović, markvörður Inter. Rúnari leist best á Reusch af þeim fyrirtækjum sem höfðu samband.

„Ég var ekki með samning um markmannshanska og það voru nokkur fyrirtæki sem höfðu samband þegar HM var í gangi. Ég valdi Reusch því mér leið ofboðslega vel í hönskunum þeirra, það skipti mig mestu máli. Þetta hafa alltaf verið frábærir markmannshanskar og ég er bara spenntur fyrir komandi samstarfi."

## Nýjast

**Inkasso-deild kvenna**

**ÍR - Haukar 2-0**
1-0 Shaneka Gordon (11.), 2-0 Hanna Barker (56.).



**Alexander Petersson og félagar fagna eftir sigurinn á Flensburg í gærkvöldi.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Ljónin unnu fyrsta titilinn

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði níu mörk þegar Rhein-Neckar Löwen vann Flensburg, 26-33, í leiknum um þýska Ofurbikarinn í handbolta í gærkvöldi.

Guðjón Valur var næstmarkahæstur í liði Löwen á eftir svissneska leikstjórnandanum Andy Schmid sem skoraði tíu mörk. Alexander Petersson átti einnig góðan leik og skoraði fimm mörk.

Löwen varð bikarmeistari á síðasta tímabili en þurfti að horfa á eftir þýska meistaratitlinum í hendur Flensburg. **– iþs**

## Ólafía og Birgir hefja leik í dag

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, og Birgir Leifur Hafþórsson, GKG, hefja leik á atvinnumannamótum erlendis í dag þar sem Ólafía leikur í Kanada en Birgir Leifur í Tékklandi.

Ólafía Þórunn tekur þátt í CP-meistaramótinu í Kanada sem er hluti af LPGA-mótaröðinni og þarf heldur betur að bretta upp ermar. Hún missti af niðurskurði um síðustu helgi og er í verulegri hættu á að ná ekki að endurnýja þátttökuréttinn á LPGA-mótaröðinni á næsta ári. Er hún í 139. sæti á stigalistanum þegar skammt er eftir af tímabilinu og þarf að komast meðal hundrað efstu til að halda keppnisréttinum.

Tók hún einnig þátt í þessu móti í fyrra þar sem henni tókst ekki að ná niðurskurði. Er hún með Sydnee Michaels og Madeleine Sheils í ráshóp og hefur leik rétt eftir hádegi að staðartíma á tíunda teig.



Birgir Leifur keppir á sama tíma í Tékklandi á tékkneska meistaramótinu sem er hluti af Evrópumótaröðinni. Verður þetta níunda mót Birgis á þessari sterkustu mótaröð Evrópu og eru frábærir kylfingar á borð við Lee Westwood, Danny Willett, Padraig Harrington og Thomas Pieters skráðir til leiks.

Mótið fer fram í Prag og á Birgir teigtíma rétt fyrir klukkan níu að staðartíma. **– kpt**

GRILL 66

# KOMBÓ TILBOÐ

**999** KRÓNUR




TILBOÐIÐ GILDIR
23. ÁGÚST TIL 2. SEPT.

# EL RENO

**FRANSKAR + COKE 0,5 L + TWIX**

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTI
MOSFELLSBÆ

AKRANESI
BORGARNESI
STYKKISHÓLMI

SKAGASTRÖND
SIGLUFIRÐI
ÓLAFSFIRÐI

DALVÍK
REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ

HELLU
SELFOSSI
HÚSAVÍK

**GRILL66.IS**

**VIÐ ERUM Á OLÍS** olís

## Merkisatburðir

**79** Eldgos hefst í Vesúvíusi á Ítalíu. Í því gosi grófust borgirnar Pompeii og Herculaneum undir ösku og vikri.

**1387** Margrét Valdimarsdóttir mikla verður ríkisstjóri yfir Noregi og Danmörku við lát sonar síns, Ólafs 4.

**1906** Fyrsta símskeytið berst til Íslands frá Færeyjum.

**1910** Fyrsta íslenska hljómplatan kemur út. Á henni syngur Pétur Á. Jónsson Dalvísur eftir Jónas Hallgrímsson.

**1946** Gunnar Huseby setur Evrópumet í kúluvarpi í Ósló.

**1954** Steinkista Páls biskups Jónssonar, sem lést 1211, finnst við fornleifauppgröft í Skálholti.

**1959** Stytta af Jóni Arasyni biskupi, eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, er afhjúpuð á Munkaþverá í Eyjafirði þar sem Jón lærði til prests.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Edda Bergljót Jónasdóttir**

Freyjugötu 49,

lést að heimili sínu þann 17. ágúst. Útförin mun fara fram frá Dómkirkjunni 29. ágúst klukkan 15.

**Guðmundur Jóhannsson**
**Björg Guðmundsdóttir** **Orri Guðmundsson**
**Jónas Guðmundsson** **Cristina Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valdís Garðarsdóttir**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 14. ágúst. Útför hennar fer fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 27. ágúst kl. 15.

**Garðar H. Skaptason** **Helena Marta Jakobsdóttir**
**Þóroddur S. Skaptason** **Brynja Þ. Þorbergsdóttir**
**Birgir Skaptason** **Barbara Meyer**
**Guðmundur Ragnar Guðmunds.**
**Steinunn Þ. Skaptadóttir** **Mogens Lundahl**
**Unnur Dís Skaptadóttir** **Gunnar Randversson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinbjörn Sigtryggsson**

húsasmíðameistari,

lést á dvalarheimilinu Grund 1. ágúst sl. Bálför hefur farið fram að ósk hins látna. Útför fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 25. ágúst kl. 13.00 og verður duftker jarðsett í Ólafsvíkurkirkjugarði.

**Kristinn Vigfús Sveinbjörnsson** **Ena Dahl**
**Guðbjörg Jenný Sveinbjörnsdóttir** **Sigfinnur Snorrason**
**Olga Sveinbjörnsdóttir** **Jóhann Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri

**Halldór Kristjánsson**
**(Dóri frá Tungu)**

Mýrum 7, Patreksfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði 8. ágúst og er því kominn í hin eilífu berjalönd. Útför fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Ég er fæddur ferðalangur

**Minnst tólf munnhörpur fylgja Þorleifi Gauki Davíðssyni hvert sem hann fer – og það er víða. Hann er munnhörpuleikari að atvinnu og hefur túrað með Kaleo að undanförnu.**



**„Takmarkið er alltaf það sama, að gera góða tónlist,“ segir Þorleifur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þorleifur Gaukur Davíðsson hóf nám í munnhörpuleik við Berklee-tónlistarháskóla í Boston fyrir þremur árum. En hvernig er líf munnhörpuleikarans? „Það líf er heilmikið ferðalag. Ég er, tæknilega séð, enn við nám við Berklee en hef verið að túra með hljómsveitinni Kaleo síðasta eitt og hálfa árið og kíkt bara við í skólanum af og til. Mér hefur dálítið verið leyft að gera það sem ég vil, sem er þægilegt. Ég má vera við skólann í fimm ár að dandalast.“

*Er sjaldgæft að fólk sé í háskólanámi í munnhörpuleik?*

„Það eru ekki margir sem hafa gert það. Í mínum skóla eru ýmsir sem spila á munnhörpu en eru ekki nógu klikkaðir til að gera hana að aðalhljóðfæri.“

*Þú hefur fengið góða kennara samt.*

„Já, alveg prýðilega. Ekki munnhörpukennara samt, heldur bara læri ég hjá öðrum hljóðfæraleikurum og færi kunnáttuna yfir á mitt hljóðfæri. Það opnar sjóndeildarhringinn töluvert að stúdera hjá öðrum en munnhörpuleikurum og er því heppilegt. Takmarkið er alltaf það sama, að gera góða tónlist.“

*Semurðu tónlist?*

„Já, ég sem mikið en hef ekki hugmynd um hvar það muni enda. Ég er í svo mismunandi hlutum, spila með Kaleo, djassa á fullu og hef verið aktívur í blúgrass-senunni í Bandaríkjunum. Þá koma upp lög í kollinn sem maður veit ekki alveg hvar á að setja.“

*Áttu margar munnhörpur?*

„Ég er alltaf með tólf á mér og svo eru aðrar úti um allt.“

*Eru þetta dýr hljóðfæri?*

„Nei, alls ekki, miðað við önnur. Þær sem ég er með kosta svona um 4.000.“

*Hvar færðu þær bestu?*

„Bara hjá Hohner, gömlu þýsku fyrirtæki, og á nokkrar Zuzuki líka. Munnhörpur fást um allan heim.“

*Hvernig kynntist þú munnhörpunni?*

„Ég spilaði á gítar frá unga aldri, hrifinn af blús, var dálítið kringum KK bandið. Kristján spilaði náttúrlega á munnhörpu. Maður heyrir þennan tón í gömlu blúslögunum og mig langaði alltaf að prófa, svo ég pantaði mér munnhörpu á netinu. Svo lærði ég alltaf meira og meira en spilaði bara fyrir mig.“

*Varstu ekki í tónlistarskóla?*

„Jú, á Akranesi, hjá Jóni Páli djassgítarleikara og síðan hjá Eðvarði Lár. Það hjálpar mikið að hafa grunninn á annað hljóðfæri. Munnharpan er svo lítið sjáanleg, maður er bara með hana uppi í sér og ekkert hægt að átta sig á hvað spilarinn er að gera. Gítarinn er þægilegri hvað það varðar, það er hægt að hugsa út frá honum.“

*Ertu uppalinn á Akranesi?*

„Já, ég er oft kenndur við Skagann, en hef búið víða, í Eyjum, Vík í Mýrdal og fleiri stöðum. Hálfgerður flakkari. Foreldrar mínir fluttu oft og svo hélt ég því bara áfram. Stúderaði tónlist í Noregi og svo í Bandaríkjunum.

Núna fer ég bara þangað sem tónlistin ber mig. Hugurinn leitar til Nashville í Tennessee. Flestir sem ég spila með búa þar og þar eru ein bestu stúdíóin í heiminum. Ég hef verið dálítið þar að spila.“

*En hvernig var að vera með Kaleo á flakki?*

„Það var yndislegt. Sérstakur heimur. Þetta er svo stórt batterí. Það er stuð að hita upp fyrir Rolling Stones og spila á tónleikum fyrir 50–100 þúsund manns um allan heim. Þetta er líka gott tækifæri til að kynnast tónlistarmönnum. Ég er duglegur að fara á djammsessíónir og tengja við fólk. Það er magnað hvað tónlistin opnar heiminn fyrir manni.“

*Verður áframhald á þessu samstarfi þínu og Kaleó?*

„Já, við verðum að túra í september um Bandaríkin og Kanada.“

*Tekur ekki á að búa svona í rútu?*

„Jú, en ég er fæddur ferðalangur. Þetta er ekkert mál fyrstu vikurnar en svo fer maður að sakna heimilis. Svo er maður ekki búinn að vera lengi um kyrrt þegar maður fer að sakna rútunnar aftur. Þetta er eins og sjóaralífið.“ **gun@frettabladid.is**

### Tónleikar á Jómfrúnni

Á þrettándu og síðustu tónleikum sumarjazztónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjagötu, laugardaginn 25. ágúst, kemur kvartett Þorleifs Gauks fram. Með honum leika þeir Agnar Már Magnússon á píanó og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa en sérstakur gestur er finnski trommuleikarinn Aleksi Heinola.

Þorleifur Gaukur hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi frá unga aldri. Hann hefur spilað meðal annars með Victor Wooten, David Grisman, Bob Margolin, KK, Vinum Dóra, Tómasi R. Einarssyni og mörgum fleirum.

Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis.

ÞETTA GERÐIST: 23. ÁGÚST 1967

## Tapið stóra í fótboltanum – 14:2

Þennan dag árið 1967 fékk íslenska landsliðið í knattspyrnu stóran skell, þegar það tapaði fjórtán tvö fyrir Dönum á Þjóðarleikvangi Dana í Kaupmannahöfn. Eitthvað sem aldrei gleymist.

Mörk Íslendinga skoruðu þeir Helgi Númason og Hermann Gunnarsson. Mikill hugur hafði verið í íslenska landsliðinu eftir góðan árangur gegn Spánverjum en leikurinn reyndist verða hin mesta háðung.

Tönninn var gefinn þegar Elmar Geirsson fékk bolta í höfuðið í búningsklefanum svo hann rotaðist og gat ekki spilað með. Staðan í hálfleik var sex núll og eftir leikhlé héldu dönsku landsliðsmennirnir áfram að skora hvert glæsimarkið á fætur öðru svo leiknum lauk með stórsigri þeirra, 14:2.



# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST 2018



# Elskar að versla í karladeildum

Söngkonan Hildur Kristín Stefánsdóttir þarf að eiga töluvert af fötum enda vill hún ekki vera oft í því sama á sviði. Hún reynir að kaupa ódýr og notuð föt og á mikið af flottum yfirhöfnum enda þær flíkur sem mest sést í á hinu kalda Íslandi. ➔2

Hildur segist ekki vera mikið í kjólum en þessi kjóll frá Cheap Monday er í uppáhaldi, skórnir eru frá Scorett í Svíþjóð og sokkarnir frá Asos. MYND/STEFÁN

ENZYMEDICA.

Ertu með fæðuóþol?






BACK TO
WORK / SCHOOL

*Fallegt, fágað og töff!*

comma,

SMÁRALIND

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,












Kjóll úr Spúútnik en jakkann keypti Hildur í Chinatown í LA. Buxur frá Missguided og skór frá Dr. Martens. MYND/STEFÁN

**Framhald af forsíðu ➪**

*Spáir þú mikið í tísku?*

Já, frekar mikið, ég elska að klæða mig alls konar og prófa nýja hluti! Ég spái meira í því sem mér sjálfri finnst kúl og átfittum sem virka vel á sviði heldur en dýrum merkjum og því hvað einhver segir að sé í tísku.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*

Ég myndi segja að hann sé ansi fjölbreyttur og litríkur. Ég elska bjarta liti og „oversized“ flíkur og flest sem sker sig úr. Þegar ég er uppi á sviði fer ég í extra áberandi föt og finnst geggjað að geta notað föt sem ég myndi kannski ekki vera í á venjulegum mánudegi. Ég elska líka að versla í karladeildunum í búðum.

*Hvar kaupir þú fötin þín?*

Á Íslandi er það aðallega Spúútnik, Fatamarkaðurinn Hlemmi og Zara. Erlendis elska ég And Other Stories, Monki og Weekday og svo versla ég hér og þar á netinu.

*Eyðir þú miklu í föt?*

Já, maður kemst ekki beint hjá því þegar maður er oft uppi á sviði – og sérstaklega þegar maður vill alls ekki vera oft í sömu flík á sviðinu. Ég reyndar hef aldrei dottið í að kaupa dýrar flíkur, ég er meira í vintage og ódýrum búðum svo ég geti keypt mér meira.

*Hver er uppáhaldsflíkin þín?*

Erfið spurning af því að það breytist svo hratt! Akkúrat núna eru það tveir kjólar frá Cheap Monday sem ég var að eignast, er eiginlega aldrei í kjólum en það er eitthvað við kjóla sem er svo sumarlegt og hresst.



Kristín með tíkina sína hana Uglu. Smekkbuxurnar eru frá Pull & Bear, bolurinn frá Cheap Monday og skórnir frá Nike Airforce 1. MYND/STEFÁN

*Uppáhaldshönnuður?*

Ég á tvær vinkonur sem eru að hanna ótrúlega flott föt sem ég hef fengið að klæðast á sviði – Ragna Bjarna og Kristjana Björg.

*Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?*

Held það séu yfirhafnir, mig langar alltaf í fleiri. Ég á örugglega hlutfallslega mest af flottum yfirhöfnum enda þegar maður býr á Íslandi er það flíkin sem sést mest!

*Notar þú fylgihluti?*

Já, er eiginlega alltaf með hálsmen og svo elska ég derhúfur og húfur.

*Áttu þér tískufyrirmynd?*

Ég fylgi nokkrum rosa flottum stelpum á Instagram sem veita mér innblástur og svo finnst mér líka gaman að fylgjast með öðrum tónlistarkonum, hvernig þær klæða sig uppi á sviði.

*Hvað er fram undan?*

Sumarið hefur farið í að vinna í nýju efni og vinna í tónlist í Berlín, Stokkhólmi og fleiri stöðum. Svo eignaðist ég hvolp í vor, svo að sumarið hefur líka farið mikið í góðar stundir með henni og kærastanum mínum. Næstu mánuði verð ég á miklu flakki. Ég er að fara að spila slatta, gefa út nýtt efni og ferðast á marga spennandi staði sem ég hef ekki komið á áður. Ég er mjög þakklát fyrir að fá að vinna við tónlist sem fer með mig út um allan heim!

# ÚTSÖLULOK

## ALGJÖRT VERÐHRUN

# 70-80%

afsláttur

NÝ HAUSTVARA!

MOS MOSH



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# ÚTSÖLULOK

Einungis 6 verð:

900 kr.
1.900 kr.
2.900 kr.
3.900 kr.
4.900 kr.
5.900 kr.

Gerið góð kaup á flottum fatnaði á frábæru verði.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



# REGNKÁPUR



Kr. 16.900.-
Vatnsheldar, vindheldar, fóðraðar
Str. S-XXL
Litir: Dökkblátt, grænt

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




**Hér klæðist körfuboltamaðurinn Kristófer Acox dæmigerðum hversdagsklæðnaði; buxum frá 66°Norður (Bankastræti), anorakki frá Nike og hvítum skóm frá Vans. Hann segir fatastíl sinn vera frekar óformlegan.** MYND/EYÞÓR

# Óformlegur stíll

## Íþróttafatnaður verður oftast fyrir valinu hjá körfuboltamanninum Kristófer Acox. Hann spilar í Frakklandi í vetur og hlakkar til að komast í sólina og kynnast landinu betur.

Körfuboltamaðurinn og KR-ingurinn Kristófer Acox heldur á vit ævintýranna á næstu dögum þegar hann flytur til Frakklands en þar mun hann spila með franska liðinu Denain Voltaire í frönsku annarri deildinni. Hann er spenntur yfir áskoruninni og segist hafa nýtt sumarið vel í að styrkja sig sem leikmann. „Þetta sumar, eins og undanfarin sumur, hef ég reynt að bæta úr veikleikum mínum en á sama tíma auðvitað haldið áfram að bæta við það sem ég er nú þegar góður í. Fyrir veturinn mun ég svo setja mér markmið fyrir tímabilið. Það verður líka frábært að komast úr þessu þrotaveðri í sól og hita. Annars hef ég aldrei komið til Frakklands og er spenntur fyrir því að fá að túristast aðeins um landið og skoða París og fleiri borgir.“

Dagsdaglega klæðist Kristófer íþróttafatnaði, sérstaklega ef ekkert sérstakt er fyrir stafni. „Fatastíllinn minn er frekar óformlegur og verður íþróttafatnaður oftast fyrir valinu. Ef eitthvað sérstakt er í gangi eða mig langar að klæðast öðru er það yfirleitt „street lookið“, gallabuxur, bolur og einhver þægileg hettupeysa með góðum strigaskóm.“

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast?*

Hann hefur þróast töluvert síðustu árin. Áður fyrr spáði ég eiginlega ekkert í hverju ég var klæddur en undanfarin 2-3 ár hefur það breyst. Nú hef ég meiri áhuga á flottum klæðnaði og spái meira í fatakaup og hverju aðrir klæðast.

*Áttu þér tískufyrirmynd?*

Ég mundi nú ekki segja það. Ég fylgi tískunni sem er inni hverju sinni og vinn mig út frá henni. En mínir nánustu vinir hafa örugglega mestu áhrifin á fatasmekk minn.

*Hvernig fylgist þú helst með tískunni?*

Aðallega í gegnum samfélagsmiðla, þá helst Instagram. Svo sér maður náttúrlega líka hverju fólk klæðist hversdagslega, niðri í bæ eða hvar sem er.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

H verslun, 66°Norður, 17 og Húrra eru uppáhaldsverslanir mínar hér á landi. Erlendis eru það helst Urban og Zara. Ég er ekki enn kominn á Gucci- og Louis-vagninn.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Ég er mjög hefðbundinn þegar kemur að litum og klæðist yfirleitt einhverju svörtu eða hvítu. Ef það eru einhverjir litir sem ég vinn stundum með eru það helst bleikur, vínrauður eða blár.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Verstu kaupin eru örugglega jakki sem ég neyddi mig til að kaupa í einu númeri of litlu. Hann var ekki til í minni stærð en mér fannst hann svo flottur að ég þurfti að eignast hann. Ég notaði jakkann síðan aldrei. Bestu kaupin eru örugglega eitthvað af þessum fötum sem ég keypti sumarið 2016 og nota enn.

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?*

Örugglega bara álíka mikið og næsti maður. Ég á það til að kaupa mikið af fötum á stuttu tímabili en síðan kaupi ég ekki neitt í langan tíma. Þannig að þetta jafnast út.

*Notar þú einhverja fylgihluti?*

Þeir sem þekkja mig vita að ég er mjög háður derhúfum en fyrir utan þær nota ég ekkert annað sérstakt.

# Netverslun

FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST 2018

Kynningar: Elko, Heimkaup, Hópkaup, Bland



„Þessar síðustu vikur fyrir jólin, í nóvember og desember, eru annasamur tími fyrir flesta. Því skiptir tímasparnaður, minni fyrirhöfn og þægindi svo gríðarlega miklu máli. Með því að panta sem flestar jólagjafir á netinu hjá elko.is er hægt að verja meiri tíma með fjölskyldu og vinum," segir Dagbjört Birgisdóttir, verslunarstjóri netverslunarinnar elko.is. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Sparar bæði tíma og fyrirhöfn

Markmið netverslunarinnar elko.is hefur alltaf verið að spara bæði tíma og fyrirhöfn og það hefur sannarlega tekist. Nú styttist í jólatímabilið með nýjum vörum og þægindum fyrir viðskiptavini. →2




**„Í dag starfa tíu starfsmenn í netverslun okkar en starfsemin fer fram í Bakkanum við Skarfagarða í Reykjavík í húsnæði sem er 15.000 fermetrar að stærð og við erum því vel í stakk búin til að sinna viðskiptavinum okkar fljótt og vel," segir Dagbjört Birgisdóttir, verslunarstjóri netverslunar elko.is, sem hér stendur með nokkrum starfsmönnum.** MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

**Framhald af forsíðu ➜**

Netverslun elko.is var opnuð fyrir ellefu árum og hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma. Frá upphafi hefur mikið kapp verið lagt á að spara bæði tíma og fyrirhöfn fyrir viðskiptavini ELKO og það hefur sannarlega tekist, segir Dagbjört Birgisdóttir, verslunarstjóri netverslunar elko.is. „Í dag starfa tíu starfsmenn í netverslun okkar en starfsemin fer fram í Bakkanum við Skarfagarða í Reykjavík í húsnæði sem er 15.000 fermetrar að stærð og við erum því vel í stakk búin til að sinna viðskiptavinum okkar fljótt og vel."

Hún segir sérþjálfað starfsfólk sinna viðskiptavinum netverslunarinnar bæði í síma 575-8115 og einnig í netspjalli sem nýtur sífellt meiri vinsælda, að hennar sögn. „Starfsfólk okkar veitir þar allar nauðsynlegar upplýsingar um vörur okkar og aðstoðar viðskiptavini um leið við að velja réttu vörurnar. Viðmót netverslunarinnar auðveldar viðskiptavinum að skoða allt vöruúrval ELKO og um leið samanburð á vörum og ólíkum eiginleikum þeirra."

## Þægilegur afhendingarmáti

Afhending á vörum er sérlega þægileg fyrir viðskiptavini, að sögn Dagbjartar. „Það er hægt að panta og sækja í hvaða verslun okkar sem er. Við sendum vörur í verslanir okkar tvisvar á dag, alla virka daga, og því er afar einfalt og þægilegt fyrir viðskiptavini að velja stað og stund sem hentar þeim best og kostar sem minnsta fyrirhöfn. Þeim sem búa á landsbyggðinni býðst að fá vörur sendar með litlum tilkostnaði á næsta pósthús. Það kostar einungis 500 kr. að senda lítil raftæki og 4.995 kr. að senda stærri raftæki."



**Starfsfólk elko.is sinnir viðskiptavinum sínum í síma 575-8115 og einnig í netspjalli sem nýtur sífellt meiri vinsælda.**

## Ólíkar greiðsluleiðir

Það er ekki bara þægilegur afhendingartími sem elko.is býður upp á, hægt er að velja um fjölda ólíkra greiðslumáta eftir því sem hentar hverjum og einum. „Viðskiptavinir geta t.d. greitt með kreditkorti, vaxtalausum raðgreiðslum, raðgreiðslum, 14 daga greiðsluseðli Borgunar, Pei, Netgíró eða með millifærslu. Öryggiskerfi okkar kóða allar upplýsingar og eru greiðslur um netið jafnöruggar og í verslunum okkar."

Hún segir vefverslun ELKO vera í stöðugri þróun til að gera upplifun á síðunni betri með notendavænna og þægilegra viðmóti. „Við erum einnig í stöðugum umbótaferlum til að bæta þjónustu okkar og koma vörum hraðar til viðskiptavina. Þar má t.d. nefna að við erum að vinna í þróun á nýjum vef sem verður mun hraðvirkari og með bættu viðmóti. Einnig erum við að vinna í að auka þjónustustig með því að svara netspjalli frá morgni til kvölds og um helgar og geta þannig aðstoðað viðskiptavininn betur þegar honum hentar."

## Jólagjafir tímanlega

Jólin hjá elko.is byrja strax 11.11. eða á degi einhleypra, segir Dagbjört. „Svo heldur fjörið áfram hjá okkur. Næst á dagskrá er Black Friday og Cyber Monday þar sem hægt verður að gera góð kaup á jólagjöfum í nóvember. Þessar síðustu vikur fyrir jólin, í nóvember og desember, eru annasamur tími fyrir flesta. Því skiptir tímasparnaður, minni fyrirhöfn og þægindi svo gríðarlega miklu máli. Með því að panta sem flestar jólagjafir á netinu hjá elko.is er hægt að verja meiri tíma með fjölskyldu og vinum. Elko.is verður með vöruframboð fyrir jólin þar sem allir eiga að geta fundið gjafir við hæfi, allt frá gjöfum fyrir börn til eldri borgara."

Fyrir jólin býður elko.is upp á pökkunarþjónustu þar sem jólagjöfum er pakkað inn fyrir viðskiptavini. „Það eru enn frekari þægindi því nú þarf ekki að standa í því að kaupa gjafapappír og pakka inn. Viðskiptavinir panta bara vörurnar og við sjáum um að pakka inn og senda til þeirra. 30 daga skilarétturinn gildir um jólin og stendur til 25. janúar. Það er auðvelt fyrir viðskiptavini á landsbyggðinni að skila vörum því það fylgir endursendingarmiði með öllum sendingum og frítt er að senda vörurnar aftur til ELKO."

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442 | Veffang: frettabladid.is


VEFLAUSNIR VALITOR
Posar
Reglulegar greiðslur
Veflausnir
Kortalán
Þegar við byrjuðum með ferðaþjónustuna þurftum við að geta tekið við greiðslum gegnum netið. Valitor bauð okkur greiðslulausnir sem smellpassa okkar starfsemi. Nú tökum við allt í senn við greiðslum í ólíkum gjaldmiðlum, á netinu, um posa og í gegnum smáforrit og við finnum það á hverjum degi hvernig þessar snjöllu lausnir auðvelda okkur vinnuna og auka ánægju viðskiptavinanna.
525 2080 | sala@valitor.is | valitor.is
ÞÍN VELGENGNI Í VIÐSKIPTUM
VALITOR

# Heimkaup.is – Stærsta vefverslun landsins

Tekjur Heimkaup.is hafa aukist um rúmlega 60% milli ára. Vefverslunin býður eitt mesta vöruúrval landsins og sendir heim að dyrum samdægurs.



Á lagernum er notast við hugmyndafræðina „chaotic storage“, eða handahófskennd röðun. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Guðmundur Magnason segir umferðina um vefin aukast stöðugt.

Vöruúrvalið á Heimkaup.is er nú um 40.000 vörur og fer sífellt stækkandi. Rúmlega 60% vöxtur milli ára. Hverju þakkar forstjórinn, Guðmundur Magnason, þennan mikla vöxt?

„Fólk vill nýta tímann sinn, umferðin eykst með hverju ári eins og allir vita og þeir sem kynnast þægindunum sem felast í því að panta á netinu og fá vörurnar sendar frítt heim að dyrum samdægurs, þeir verða fastakúnnar, það er ósköp einfalt!“ segir Guðmundur. „Það sem skiptir svo mestu máli er úrvalið. Við erum með yfir 40.000 vörur í sölu og aukum úrvalið daglega. Þegar úrvalið og verðið er gott, þá gerist þetta svolítið af sjálfu sér. Nýleg könnun hjá ASÍ leiddi t.d. í ljós að skólabækurnar eru ódýrastar á Heimkaup.is. Við erum það sem kallast „one stop shop“, viðskiptavinir okkar eiga að geta keypt allt sem þá vantar á einum stað, hvort sem það er gæludýrafóður, hárnæring, ísskápur eða bók, já eða allt í skólann þessa dagana. Og þegar kemur að þægindum er alltaf hægt að gera betur. Við bjóðum t.d. upp á samsetningu á grillum og þegar við komum með stór tæki, s.v. ísskápa og þvottavélar tökum við gömlu tækin fyrir fólk og komum þeim í endurvinnslu. Fólki líkar svona þjónusta.“

> **Viðskiptavinir fá vörurnar sendar frítt heim að dyrum samdægurs“**

En hvernig gengur að afgreiða vörur af svona gríðarstórum lager? „Við förum sömu leið og Amazon þegar kemur að vöruhúsinu.“ segir Guðmundur. „Notast er við hugmyndafræði sem kallast „chaotic storage“. Það er handahófskennd röðun í hillur. Nýjar vörur fara bara í næsta lausa hillupláss, það eru engar deildir og engir flokkar. Starfsmenn þurfa ekki „að vita“ hvar neinar vörur eru heldur leiðir kerfið þá áfram þegar vörur eru teknar saman fyrir viðskiptavini og alltaf stystu leið. Þetta auðveldar okkur líka að auka úrvalið og það munum við gera svo um munar á næstu misserum.“

> **Við förum sömu leið og Amazon þegar kemur að vöruhúsinu. Það eru engar deildir og engir flokkar.**

# Netið og öryggið

Sífellt fleiri kjósa að versla á netinu, enda þægilegt að fá vöruna senda heim að dyrum. Mikilvægt er að skoða vel skilmála og reglur áður en gengið er frá pöntuninni.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Öryggisins vegna á aldrei að senda viðkvæmar upplýsingar, svo sem kreditkortanúmer, í tölvupósti. Einnig er mikilvægt að skoða vel alla skilmála.

Oft er hægt að gera verulega góð kaup á netinu og ekki er verra að fá vöruna senda heim að dyrum. Áður en lokaskrefið er tekið og gengið frá greiðslu er nauðsynlegt að skoða vel skilareglur og einnig hvaða gjöld þarf að borga þegar verslað er hjá erlendum vefverslunum. Annars er hætt við að kaupandinn sitji uppi með vöru sem hann hefur ekkert að gera með, fyrir hærra verð en hann gerði ráð fyrir.

## Allar vörur eru tollskyldar

Skynsamlegt er að skoða vel heimasíðu Tollstjórans en þar má finna upplýsingar um hvað gott er að hafa í huga þegar vörur eru pantaðar frá útlöndum í gegnum netið. Þar kemur meðal annars fram að allar vörur sem fluttar eru til landsins eru tollskyldar án tillits til verðmætis nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum og reglugerðum, svo sem vegna tollfríðinda tækifærisgjafa eða ferðamanna. Þetta merkir að allar vörur eru tollskyldar, sama hvort þær eru 10 króna virði eða 100 þúsund króna virði.

## Eru gjöld hærri en verðið?

Áður en vara er pöntuð á netinu þarf að gera ráð fyrir því að hún kosti meira þegar hún er komin til landsins en verðmerking seljanda segir til um. Verð eru stundum gefin upp án flutnings- og pökkunarkostnaðar. Ef vara er mjög ódýr getur verið að kostnaður við innflutning hennar sé meiri en hún kostar. Það getur margborgað sig að nota reiknivél á heimasíðu tollsins til að áætla innflutningsgjöld svo endanlegur reikningur komi ekki á óvart.

## Er netverslunin örugg?

Hvað öryggisatriði varðar er ráð að kanna bakgrunn þess sem selur vöruna á netinu áður en kortanúmer og aðrar upplýsingar eru gefnar upp. Hægt er að gúggla umsagnir um viðkomandi netverslun og skoða hvort hún hafi fengið góða eða slæma dóma annarra kaupenda.

Það á aldrei að borga fyrir vöru með kreditkorti hjá netverslun sem ekki er með svokallaðan SSL-staðal en hann er notaður af viðurkenndum netverslunum. Það á heldur aldrei gefa upp kreditkortanúmer í tölvupósti. Með því er hættunni boðið heim og fólk getur orðið fyrir stórtjóni sé það gert.

Til að fá upplýsingar um verslun á netinu er hægt að spyrjast fyrir hjá vinum og vandamönnum eða senda inn fyrirspurn á Facebook-hópa sem snúast um netverslun. Svo er sumt harðbannað að flytja til landsins, jafnvel þótt hægt sé að kaupa það á netinu. Má í því sambandi nefna dýr og plöntur, lyf til lækninga og að sjálfsögðu vopn.

Upplýsingar m.a. fengnar af vefsíðunni www.tollur.is.



Pantaðu á netinu

Losnaðu við vesenið og losnaðu við hretið.
Það er langsamlega einfaldast að panta gegnum netið.

Skoðaðu vöruúrvalið
á lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

# SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT

## 14 DAGA ENDURGREIÐSLUFRESTUR

EINFALDARA GETUR ÞAÐ EKKI VERIÐ




ELLINGSEN.IS Skór.is netverslun AIR.is

AIR Kaupfélagið ecco KOX KRINGLUNNI SKECHERS STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN Toppskórinn ELLINGSEN

# Gámatilboðin slá í gegn!

**Gámatilboð á Hópkaupum er ný tegund vefverslunar sem komin er til að vera. Með því að panta mikið magn er hægt að bjóða lægra verð. Viðskiptavinir eru hæstánægðir með nýjungina.**




Sindri Reyr Smárason hjá Hópkaupum segir gámatilboðin hafa slegið í gegn. Viðskiptavinum bjóðast mun lægri verð en áður með nýju fyrirkomulagi. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum að Hópkaup kynntu nýja tegund vefverslunar fyrir rúmu ári þegar þau kynntu til sögunnar sérstök „Gámatilboð“. Í hverju felst þessi nýja hugmynd? Sindri Reyr Smárason verður fyrir svörum.

„Í fyrsta lagi er þetta rosalega skemmtilegt og fólk hefur tekið þessu opnum örmum. Við finnum vörur sem eftirspurn er eftir og eru í dýrari kantinum á almennum markaði, s.s. sjónvörp, heimilistæki, rafmagnsvespur svo örfá dæmi séu nefnd. Þá semjum við um verð við framleiðanda með þeim skilyrðum að við kaupum mikinn fjölda af sömu vörunni, einn eða fleiri gáma og náum verðinu niður. Þegar við

> **Við pöntum gáma frá Kína og Evrópu. Með þessu móti fær fólk vörur á verði sem ekki hefur áður sést á Íslandi.**

höfum selt lágmarksmagn leggur gámurinn af stað. Við pöntum gáma bæði frá Kína og Evrópu. Með þessu móti er fólk að fá vörur á verði sem hreinlega hefur ekki sést á Íslandi, sem dæmi má nefna 55" snjallsjónvarp fyrir 66.200 kr., rafmagnsbíla fyrir krakka á innan við 10.000 kr., rafmagnsvespur á tæpar 80.000 kr. og svona mætti lengi telja. Tilboðin sem slógu svo í gegn í sumar voru bílakerrur, en þær fást á tæpar 100.000 kr. og massívir verkfæravagnar með 101 verkfæri á 59.990 kr. Ég get fullyrt að þetta eru mest seldu bílakerrur og verkfæravagnar á Íslandi þetta árið!“

*Hvaða áhrif telur Sindri að þetta hafi haft á markaðinn?*

„Við höfum séð að margir samkeppnisaðilar hafa neyðst til að lækka sín verð þó svo að enginn komist með tærnar þar sem við erum með hælana,“ segir Sindri og hlær.

*En hvert verður framhaldið?*

„Gámatilboð á Hópkaupum eru alls engin bóla. Þetta er komið til að vera. Undanfarna sautján mánuði höfum við selt hátt í 11.000 einstaka hluti á gámatilboðum, þar af yfir 3.000 snjallsjónvörp. Fólk elskar þetta og við erum til í þetta, þannig að við höldum ótrauð áfram og mörg spennandi tilboð eru í pípunum.“

Hópkaup hafa selt yfir 11.000 einstakar vörur á gámatilboðum síðastliðna 17 mánuði.

# Lærdómsríkur tími hjá Booking.com

**Guðný Þórfríður Magnúsdóttir starfaði um tíma hjá Booking.com, einu stærsta ferðatengda netfyrirtæki heims. Þar sá hún m.a. um að þýða og staðfæra innihald vefsins fyrir íslenskan markað.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Guðný Þórfríður Magnúsdóttir, sem í dag starfar sem UX-ráðgjafi og aðgengissérfræðingur hjá Origo, starfaði um tveggja ára skeið hjá Booking.com, einu stærsta ferðatengda netfyrirtæki heims, en fyrirtækið er með tæplega 200 skrifstofur víða um heim sem hýsa um 17.000 starfsmenn.

Hún útskrifaðist árið 2013 með MSc. IT í stafrænni hönnun og samskiptum (e. digital design and communication) frá IT-University í Kaupmannahöfn, með áherslu á notendamiðaða hönnun. „Áður hafði ég útskrifast úr margmiðlunarhönnun og vefþróun. Með náminu vann ég meðal annars sem aðstoðarkennari hjá ITU og hjá ráðgjafafyrirtæki með aðgengisráðgjöf og notendaprófanir. Þar kviknaði áhugi minn á aðgengi á netinu og hef ég sérhæft mig í því síðan og reynt að vekja athygli á mikilvægi þess hvar sem ég kem.“

## Spennandi fyrirtæki

Guðný hóf störf hjá Booking.com eftir útskrift og starfaði þar þangað til hún flutti heim til Íslands 2015, eftir 10 ára dvöl í Kaupmannahöfn. „Eftir útskriftina úr ITU var ég í atvinnuleit og sá auglýsingu frá fyrirtækinu. Þar var óskað eftir manneskju með íslensku sem móðurmál og góða tölvukunnáttu. Mér fannst borðleggjandi að sækja um starfið þótt það væri ekki beinlínis tengt námi mínu, enda spennandi að vinna hjá svo stóru fyrirtæki. Við tók langt umsóknarferli með hinum ýmsu prófraunum en að lokum fékk ég starfið og var hjá þeim í tvö ár.“



„Mér fannst borðleggjandi að sækja um starfið þótt það væri ekki beinlínis tengt námi mínu,“ segir Guðný Þ. Magnúsdóttir. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Krefjandi verkefni

Hún segir starf sitt að mestu leyti hafa falist í því að þýða og staðfæra innihald Booking.com fyrir íslenskan markað og tryggja gæði þýðinga frá verktökum. „Til dæmis þá fara engar breytingar í gegn á innihaldi og orðalagi Booking.com nema búið sé að sanna gildi þeirra með gögnum úr prófunum. Svo oftar en ekki þurfti að leita skapandi leiða til að fá íslenskuna með sinni fallbeygingu til að passa inn í staðlað innihald, í nokkrum mismunandi útgáfum, sem á að vera það sama á öllum tungumálum. Það var mjög lærdómsríkt og gaman að fá að vinna svona mikið með tungumálið okkar, sérstaklega eftir að hafa búið lengi erlendis.“

## Góður vinnuandi

Hún segir vinnuandann hafa verið góðan hjá Booking.com. Flestir starfsmenn hafi verið frekar ungir og mikið hafi verið lagt upp úr félagslífinu til að hrista hópinn saman. „Annars er fyrirtækið mjög stórt svo það eru mörg lög af stjórnendum á meðan ég upplifi frekar hjá fyrirtækjum hérlendis að strúktúrinn sé flatur og auðvelt að nálgast yfirmenn. Mér fannst ekki sérstaklega mikill munur á vinnustaðamenningu í Danmörku og á Íslandi, fyrir utan það að Danir vinna almennt minna og eru mögulega með betra jafnvægi milli vinnu og heimilis.“






# EKKI BARA AUGNAKONFEKT
## HELDUR ERU FLUGUHJÓLIN FRÁ ALFA STÚTFULL AF ORKU



ALFA +
VERÐ FRÁ
**KR 28.950,-**

ALFA + línan kemur í 4 stærðarflokkum og henta fyrir allt frá léttum silungsstöngum að minni tvíhendum.



ALFA INFINITY
VERÐ FRÁ
**KR 53.550,-**

ALFA INFINITY línan kemur í 2 stærðarflokkum og henta fyrir allar tvíhendur, stærri einhendur, og hafa bremsukraft til að stöðva stærstu Tarpon fiska, hákarla, og seglfiska.

**FULLKOMIN FINNSK GÆÐAHÖNNUN!**

Þúsundir um heim allan eru farnir að þekkja fluguhjólin frá ALFA vegna hins ótrúlega glæsilega litavals sem boðið er upp á.
Hið ótrúlega fallega litróf sem í boði er, fær innblástur úr náttúrunni, og þá sérstaklega norðurljósunum.

Hjólin eru rennd úr heilli hágæða 6061 álblokk, og koma með ofurnákvæmri marglaga koltrefjabremsu, sem hefur verið prófuð til hins ýtrasta.

Öll hjólin frá Alfa Fishing eru jafnvíg í sjávarveiði, sem og í ferskvatnsveiði, og eru mörg stærri Alfa hjólin, vinsæl sjóveiðihjól á stærri einhendur.
**- þetta eru hjól sem henta fullkomnlega við allar íslenskar aðstæður!**



UMPQUA eru með þeim fremstu í heiminum í hönnun og framleiðslu á töskum og hirslum ætluðum fyrir fluguveiði, og hafa unnið til fjölmargra alþjóðlegra verðlauna. Bakpokar, mittistöskur, sling-bags, chest bags.

UMPQUA

VERÐ FRÁ
**KR 6.390,-**



**20% AFSLÁTTUR**

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ALFA HJÓLUM

Verslaðu þér flugustöng frá Wychwood eða Guideline hjá Flugubúllunni og nældu þér í 20% afslátt af Alfa hjóli fyrir stöngina

## Guideline Bullet fyrir alla veiði
& Wychwood línurnar vinsælu
VERÐ FRÁ 7.800,-



## VEIÐITÖSKUR Í ÚRVALI

Mikið úrval af veiðitöskum, bakpokum, sling bags, mittistöskum, og græjugeymslum!



BOATMAN
**KR 17.890,-**

## FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 200 KR STK!



VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL RAISING THE GAME · Wychwood · Korkers · UMPQUA · ALFA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

FLUGU Búllan

# Bílasala eykst á Bland: Yfir 2.600 bílar til sölu

Tómas Helgi Wehmeier er viðskiptastjóri á Bland. Hann segir sölu á síðunni Bland aukast jafnt og þétt og er bílasala stærsti flokkurinn. Kostirnir við að selja bíl á Bland eru fjölmargir.

Úrvalið er náttúrlega rosalegt og það er okkar helsti styrkur. Þegar ég leit áðan á síðuna voru 2.638 bílar skráðir til sölu," segir Tómas Helgi Wehmeier, viðskiptastjóri á Bland. „Það er mjög praktískt að kaupa bíl á Bland, þú greiðir engin sölulaun og það er frítt að skrá auglýsingu. Einnig er hægt að nálgast kaupsamning og afsal á síðunni og eigendaskipti eru líka að fullu rafræn, þannig að þetta er mjög einfalt."

En er þá ekki erfitt að finna rétta bílinn ef mörg þúsund bílar eru skráðir? „Nei alls ekki, við höfum unnið markvisst í leitarskilyrðunum. Það er hægt að velja framleiðanda, tegund, árgerð, akstur og að sjálfsögðu verðbil, þannig að þetta er ekki eins og að koma á bílaplan sem er smekkfullt af bílum. Og hægt er að þrengja leitina enn frekar, t.d. velja dyrafjölda, lit, eldsneyti og margt fleira þannig að þeir sem vita hvað þeir vilja finna bílinn fljótt og örugglega."

**2.638 bílar til sölu á Bland, engin sölulaun og frítt að skrá auglýsingu.**

Mikið hefur verið unnið í viðmóti á Bland undanfarið ár og Tómas segist hafa orðið var við mikla ánægju þeirra sem skrá auglýsingar. „Nú er alveg hrikalega einfalt að setja inn auglýsingu, þú tekur bara mynd með símanum og auglýsingin er komin í loftið eftir nokkur einföld skref. Ef þú ert að selja bíl, tekurðu mynd af skráningarnúmerinu og síðan sækir vefurinn allar grunnupplýsingar sem sparar mikinn tíma. Það sem við höfum fram yfir sölusíður á samfélagsmiðlum er auðvitað líka leitin og leitarskilyrðin."

Á Bland er auk bíla hægt að kaupa þúsundir vara sem fólk er hætt að nota og gaman að fara á markaðstorgið og finna það sem maður leitar að – nú eða láta koma sér skemmtilega á óvart.



Tómar Helgi Wehmeier viðskiptastjóri á Bland verður var við mikla ánægju viðskiptavina. MYND/SIGTYGGUR ARI




Allt sem þú þarft fyrir þína **vefverslun**

Sérfræðingar okkar hafa áralanga reynslu af hönnun og uppsetningu vefverslana og eru reiðubúnir að hjálpa þér að ná hámarksárangri í markaðs- og sölustarfi þínu á netinu.

Hafðu samband og við hjálpum þér að ná forskoti með snjallri notkun upplýsingatæknilausna.

Samstarfsaðili þinn í upplýsingatækni

www.advania.is

advania

# BERNHARÐ LAXDAL

## SÍUNG DÖMUBÚÐ Í 80 ÁR







BJÓÐUM GLÆSILEGAN
GÆÐAFATNAÐ FYRIR
ALLA VIÐBURÐI OG
DAGLEG STÖRF





**Skoðið laxdal.is**

BERNHARÐ LAXDAL

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.

**Helstu námsgreinar:**

- Helstu viðkomustaðir ferpamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

**Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.**

**Umsögn:** Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og virðingu sem okkur ber að sýna í því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.

**Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.**


Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

OPIÐ 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




My Style tískuhús

Stærðir 38-52

mystyle

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464







Plastpokaframleiðandinn Ziploc er nýbúinn að kynna safn tískuaukahluta sem var hannað í samstarfi við japanska tískumerkið BEAMS. MYNDIR/BEAMS



Hver vill ekki ganga um með risastóran Ziploc poka á bakinu?

Ziploc plastið hentar vel til að halda manni þurrum.

# Ziploc komið í tísku

**Plastpokaframleiðandinn Ziploc fer nú ótroðnar slóðir í samstarfi við japanska tískumerkið BEAMS, en fyrirtækin tóku höndum saman og hönnuðu línu tískuaukahluta.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Ziploc, eitt þekktasta vörumerkið í heimilisvöruiðnaði, er farið að hasla sér völl á nýjum vettvangi og hóf nýverið samstarf við japanska tískumerkið BEAMS. Afrakstur samstarfsins er lína af aukahlutum sem endurspegla stíl Ziploc plastpokanna sem flestir þekkja.

Í línunni eru derhúfa og der, litlar og stórar töskur, mittistöskur, snyrtitöskur, bakpoki, svunta og regnhlíf. Allar vörurnar eru úr glæru plasti og vandlega merktar með vörumerki Ziploc. Flestar vörurnar eru svo litaðir með bleikum og bláum einkennislitum Ziploc.

Línan fór í sölu síðasta mánudag og er fáanleg á heimasíðu BEAMS. Ódýrustu vörurnar kosta um 1.200 krónur en þær dýrustu kosta um 14 þúsund.

**» Afrakstur samstarfsins er lína af aukahlutum sem endurspegla stíl Ziploc plastpokanna sem flestir þekkja.**



Í safninu er meðal annars að finna litlar og stórar töskur og derhúfu, allt vandlega merkt með vörumerki Ziploc.



Það vantar ekki vasana á þessa svuntu. Pokarnir frá Ziplock geta nýst vel ef geyma þarf eitthvað í svuntunni.

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bátar

SILUNGANET



**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

## Viðgerðir

**VAKA**
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.

## Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000
HANDAFL STARFSMANNAVEITA
info@handafl.is | handafl.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Bílvogur eh/f**
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran fyrir veturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**
**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**
**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com
HÖFÐABÓN

HÖFÐABÓN
**BÓN OG ÞVOTTUR**
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Önnur þjónusta


Tækjaleiga



Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
Draghálsi 4 - Sími: 535 1300
verslun@verslun.is


## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677


HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000





GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

Par á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.
Og annanhvern laugardag.
Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**VÉLSTJÓRI/VÉLAVÖRÐUR**
Vantar strax á dragnótabát frá Þorlákshöfn, vélarstærð 478 kw. Uppl s: 852-0367 eða 856-5451

Járnsmiðja óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt verkefni,einhver reynsla af ryðfrírri smíði kostur. Uppl. S:699-6867

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastarf. Uppl. á staðnum eða senda á netfangið milano@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Atvinna

**KRUMMA - BÓKARI**

KRUMMA er 32 ára iðn-og verslunar fyrirtæki
Þetta er fjölbreytt og lifandi starf fyrir öflugan starfsmann.

Upplýsingar: elin@krumma.is

## Fasteignir

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

**Reyðarkvísl 7 - Opið hús**




**Opið hús fimmtudaginn 23. ágúst frá kl. 17:30-18:00.**
Vandað og veglegt raðhús á tveimur hæðum, ásamt rishæð og rúmgóðum bílskúr við Reyðarkvísl, Reykjavík. Lýsing neðri hæðin. Forstofa, gestasnyrting, hol, borðstofa, eldhús, þvottahús, búr og setustofa. Lýsing, efri hæðin. Sjónvarpsstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og tvennar svalir. Lýsing rishæðin. skáli og herbergi. Stór bílskúr. Laus við kaupsamning. **Verð 89 millj.**

Dan V.S. Wiium - hdl. lögg. fast. s: 896 4013

## Fasteignir

**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI



| Bergsveinn | Sigurður J. | Helgi Már | Magnús | Ólafur |
|---|---|---|---|---|
| S: 863 5868 | S: 534 1026 | S: 897 7086 | S: 861 0511 | S: 824 6703 |



**TIL LEIGU**
**Fannborg 4 – 200 Kóp**
**Gerð:** Skrifstofuhúsnæði
**Stærð:** 610 m²

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Bergsveinn Ólafsson**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari og rekstrarfræðingur
863 5868 | 534 1028
bergsveinn@jofur.is

Til leigu tvær skrifstofuhæðir í Fannborg 4, Kópavogi. Neðri hæðin er 280 m² og skiptist í 12 skrifstofuherbergi ásamt móttöku, efri hæðin 330 m² skiptist í 9 skrifstofuherbergi með eldhúsi og fundarherbergi, alls 610 m2. Möguleiki er á að leigja hvora hæð fyrir sig. Í húsinu er lyfta og eru næg bílastæði á svæðinu. Stutt er í almenningssamgöngur og stofnbraut.
Húsnæðið er laust samkvæmt samkomulagi. Ekki reiknast vsk á húsaleigu.

**Sérhæfum okkur í sölu og leigu á atvinnuhúsnæði**
Pantaðu verðmat eða skoðun – 534 1020 // sala@jofur.is

**Þingvellir**



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð að Kvistalundi 6.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
- með þér alla leið -




Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR



JAZZHÁTÍÐ
REYKJAVÍKUR
5-9 SEPTEMBER
MIÐASALA Á TIX.IS
reykjavikjazz.is
afsláttarpakkar á 4, 6 og 8 viðburði í boði
MARILYN MAZUR'S SHAMANIA
RALPH TOWNER
GIULIA VALLE TRIO
MARCIN WASILEWSKI TRIO
KATRÍN HALLDÓRA & ARCTIC SWING KVINTETT
AGNAR MÁR & LAGE LUND - INGI BJARNI TRIO
DOH TRIO - SIGURÐUR FLOSASON & LARS JANSSON
SUNNA GUNNLAUGS TRIO & VERNERI POHJOLA
ANDRÉS ÞÓR & MIRO HERAK - SCOTT MCLEMORE KVARTETT
ÞÓRDÍS GERÐUR SEXTETT - RICHARD ANDERSSON'S TRIO NOR
SIGMAR ÞÓR MATTHÍASSON & ÁRÓRA - SKELTR & UNA STEF BAND
Tjarnarbíó - Hannesarholt - Iðnó - Grand Hótel - Gömlu Kartöflugeymslurnar - Borgarbókasafn
EUROPE JAZZ NETWORK
Reykjavíkurborg
Budweiser Budvar
REYKJAVÍK LOVES

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Dálítil rigning eða skúrir um norðanvert landið í dag en skýjað með köflum og úrkomulítið sunnan til. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast á Suðurlandi.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 6° | 8° |
| ↘5 | ←3 | ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 11° | 7° |
| ↘4 | ↑3 | ↙2 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 4° | 3° |
| ↙4 | ←4 | ↘2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 7° | 3° |
| ↘6 | ←5 | ↙6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. vís
5. svelgur
6. möndull
8. slaga
10. skóli
11. að
12. tegund
13. tónlist
15. lykkja
17. upphefð

**LÓÐRÉTT**
1. skekkjumörk
2. sjá eftir
3. vefnaðarvara
4. farvegir
7. sálmabók
9. rugla
12. fótabúnaður
14. amboð
16. umhverfis.



**LÁRÉTT:** 1. vitur, 5. iða, 6. ás, 8. krussa, 10. ma, 11. til, 12. sort, 13. rokk, 15. krókur, 17. frami.
**LÓÐRÉTT:** 1. vikmörk, 2. iðra, 3. tau, 4. rásir, 7. saltari, 9. stokka, 12. skór, 14. orf, 16. um.

## Skák Gunnar Björnsson

Wjigerden átti leik gegn Donner á alþjóðlegu móti í Hollandi árið 1976.

**1. H1c6! 1-0.** Helgi Áss Grétarsson sigraði á Borgarskákmótinu sem fram fór í fyrradag í Ráðhúsinu. Dagur Ragnarsson, Bragi Þorfinnsson, Jón Viktor Gunnarsson og Sigurður Daði Sigfússon urðu í 2.-5. sæti

**www.skak.is:** Ofurmót í St. Louis

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




AF STAÐ!
Fullt af nýjum og spennandi vörum frá Nike
NÝJAR VÖRUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
Tiana Ósk Whitworth frjálsíþróttakona úr ÍR

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## VOLKSWAGEN TOUAREG

- 3,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 285 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla:** 6,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 173 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 6,1 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 240 km/klst.
**Verð frá:** 9.450.000 kr.
**Umboð:** Hekla

- Afl
- Útlit
- Aksturshæfni
- Rými

- Full nálægt jeppum lúxusmerkjanna í verði

# Nú mega lúxusjepparnir passa sig

Með þriðju kynslóð Touareg stendur jeppum lúxusbílamerkjanna ógn af þessum fríða jeppa með gríðaröflugri dísilvél, tæknivæddu innanrými, miklu plássi og frábærum aksturseiginleikum.




Ný kynslóð Touareg hefur bæði lengst og breikkað, en meira máli skiptir að bíllinn hefur fríkkað til muna og er orðinn algjör fyrirmyndar akstursbíll. Í raun er þessi bíll að skipa sér í flokk með jeppum lúxusbílamerkjanna.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Þriðja kynslóð Volkswagen Touareg jeppans er komin til landsins, en þar fer mjög athyglisverður jeppi sem gæti átt eftir að hrista aðeins upp í jeppamarkaðnum hér á landi, sem víðar. Ástæða þess er helst sú að þessi bíll á svo margt sameiginlegt með miklu dýrari jeppum frá Volkswagen Group bílasamstæðunni, svo sem Porsche Cayenne og Audi Q7, en líka ofurdýrum jeppum samstæðunnar eins og Lamborghini Urus og Bentley Bentayga. Til dæmis er stöðugleikakerfið í nýjum Touareg það sama og finna má í Bentley Bentayga og afturhjólastýringin er sú sama og í Lamborghini Urus. Engu að síður er Volkswagen Touareg meira en helmingi ódýrari bíll en þessir tveir og nokkuð undir verði Cayenne og Q7.

Það sem líka á eftir að höfða til kaupenda Touareg er flott ytra og innra útlit bílsins, en það tekur fyrri kynslóð bílsins verulega fram. En þó svo þessir þættir hjálpi mjög nýjum Touareg er ekki þar með sagt að hann sé jafningi bíla eins og Cayenne, sem bæði hefur meiri akstursgetu og er með enn þá flottari innréttingu.

Það fæst jú alltaf meira fyrir meiri pening, en spurningin er þá helst, hvar nóg er nóg? Kannski er einmitt nógu náð með þessum nýja Touareg, að minnsta kosti saknaði greinarritari lítils við akstur þessa ríkulega bíls.

### Öflugri dísilvél en í Q7

Í fyrstu hefur Hekla eingöngu fengið nýjan Touareg með 3,0 lítra dísilvél sem er skráð fyrir 285 hestöflum, en einnig er í boði dísilvél sem afkastar 230 hestöflum og má með þeirri útfærslu spara sér 860 þúsund. Grunnverð Touareg með aflminni dísilvélinni er 8.590.000 en með aflmeiri vélinni 9.450.000 kr. Hjá Volkswagen verður síðan Touareg líka í boði með 6 strokka bensínvél, 8 strokka dísilvél og sem Plug-In-Hybrid bíll.

Það er í raun athyglisvert að aflmeiri dísilvélin í þessum nýja Touareg er 13 hestöflum aflmeiri en í tiltölulega nýjum Audi Q7, en í grunninn er þetta sama vélin, með 3,0 lítra sprengirými. Fyrir þessum aflmun finnst og fyrir vikið er bíllinn ferlegur orkubolti sem þýtur af stað þó hægri fætinum sé ekki troðið í gólfið. Touareg er ári snöggur í hundraðið, eða 6,1 sekúndu og það er reyndar alveg sama á hvaða hraða maður er á þessum bíl, þyngra stig með hægri gefur honum alltaf mikla hraðaaukningu. Fyrir vikið er ferlega gaman að gefa þessum bíl inn.

Allt þetta rífandi afl kemur þó ekki niður á eyðslunni því í reynsluakstrinum var hann t.d. mældur með 7,5 lítra á um 15 km spotta milli Mosfellsbæjar og miðbæjar Reykjavíkur. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,6 lítrar og líklega mun bíllinn höggva nálægt þeirri tölu í raunheimum. Það er ekki slæmt fyrir bíl sem er ríflega tvö tonn að þyngd.



Innréttingin í nýjum Touareg á heima í lúxusbílaflokki.




Skarpari línur og laglegri frá öllum hliðum.



Hér fer vel um alla, en innanrýmið hefur stækkað milli kynslóða.



Skottrýmið er 810 lítrar.

### Magnað mælaborð

Líklega mun mælaborðið í þessum nýja Touareg gera margan orðlausan, en fá má bílinn svo til takkalausan og með tveimur samliggjandi 12 og 15 tommu skjáum þaðan sem öllum búnaði bílsins er stjórnað. Afar fáir bílar eru í boði með slíka tækni og útlit, en fyrir vikið er eins og stigið sé upp í háþróað geimfar fremur en bíl. Víst er að fleiri og fleiri bílar munu verða svona búnir á næstu árum, tæknin er til staðar og sannarlega er útlitið áhrifaríkt og stílhreint. Þetta framúrstefnulega mælaborð og stjórnun þess kalla þeir hjá Volkswagen „Innovision Cockpit“. Það er eiginlega full ástæða fyrir bílaáhugamenn að gera sér sérstaka ferð upp í Heklu og kíkja á þetta nýja mælaborðsútlit í Touareg.

Innanrýmið í Touareg er ansi gott og frábærlega fer um alla 5 farþegana og seint verður hægt að kvarta yfir 810 lítra farangursrýminu sem verður 1.800 lítrar með aftursætin niðri. Framsætin eru mjög flott og það sem meira máli skiptir, afar þægileg. Touareg er svo hljóðlátur í innanrýminu að allir sem reyna bílinn munu fyllast lúxusbílatilfinningu. Það liggur meira að segja við að „of lítið“ heyrist í vélinni þegar bílnum er gefið inn, svo vel er hann einangraður og veg- og vindhljóð heyrast vart heldur.

### Urmull akstursstillinga

Touareg, eins og flestir flottir og dýrari jeppar, er með akstursstillingum og ekki skortir á fjölda þeirra, en þar má finna Eco, Normal, Comfort, Individual, Snow, Sand og Off-road. Í langflestum tilfellum er best að stilla bílinn á Normal eða Comfort til að njóta þægilegasta aksturs bílsins. Þá koma gríðargóðir aksturseiginleikar hans best í ljós. Hinar stillingarnar henta við aukna ófærð en voru ekki reyndar í reynsluakstrinum. Þær gætu komið sér vel þegar vetrar, eða á hálendinu. Hægt er að fá bílinn með frábærri loftpúðafjöðrun og þannig búinn er hann frábært aksturstæki. Hann svínliggur í beygjum og er hreinn unaður að aka.

Það er alveg ljóst að Volkswagen hefur lagt mikið í smíði þessa bíls, enda er hann flaggskip fyrirtækisins, sér í lagi þar sem Volkswagen hefur hætt smíði Pheaton-lúxusfólksbílsins. Þeir sem hafa efni á að kaupa sér jeppa í kringum 10 milljónirnar ættu að íhuga þennan nýja kost í þeim flokki, en þó að Volkswagen flokkist ekki meðal lúxusbílamerkja er hreinlega erfitt að flokka þennan bíl utan þeirra. Ef til vill eru bestu kaupin í ódýrustu útfærslunni með stærri dísilvélinni og fyrir vikið halda sig hálfri milljón undir 10 milljónunum, en fá allt sem máli skiptir.


ORMSSON
Sparidagar
fyrir heimilin í landinu
Standa nú sem hæst!
AEG
Þvottavélar og þurrkarar
20%
Gerðu góð kaup!
Tefal
Pottar og pönnur
30%
Jamie Oliver
Gerðu góð kaup!
Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 28 ár.
Það köllum við meðmæli.
AEG VEGGOFN
50.000 afsláttur
10 STK
BPK 552220W BI EL / HT944 187 852
Verð áður: 149.900,-
Sparidagaverð: 99.900,-
AEG
vrn. HT911 444 415
Uppþvottavél
FSILENCM4 FS STÁL
Verð áður: 119.900,-
Sparidagaverð: 95.920,-
20%
AEG
SB14PS
Blandari / 1000w
1000W / 1.65L glerkanna sem þolir mikinn hita, allt að 90°C / Titanium húðaður hnífur / 5 stillingar / Getur brotið klaka / Kanna má fara í uppþvottavél
Verð áður: 21.900,-
Sparidagaverð: 16.425,-
25%
SAMSUNG
Þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar,
frysti- og kæliskápar á SPARIDAGAVERÐI
SAMSUNG
70.000 afsláttur
Curved
ULTRA HD
UE65MU6275UXXC
Ultra HD / Stærð: 65" - 163cm / 3840 x 2160 / Curved / Motion Rate: 100 / PQI: 1400 / HDR
Verð áður kr. 269.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 199.900,-
SAMSUNG
60.000 afsláttur
Curved
ULTRA HD
UE65MU6655UXXC
Ultra HD / 65" - 163cm / 3840 x 2160 / Curved / Motion Rate: 200 / PQI: 1700 / HDR
Verð áður kr. 299.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 239.900,-
SAMSUNG
SAUE55LS003AUXXC
Takmarkað magn 5 stk.
THE FRAME
4K ULTRA HD TV
SAMSUNG SJÓNVARP 55 FRAME TV / HDR smart
Frame UHD / 55" - 138cm / 3840 x 2160 / Motion Rate: 200 / PQI: 2100
Verð áður: 249.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 189.900,-
Pioneer hljómtækjastæða
PIX-EM26-B
CD, Útvarp 20 stöðva minni, Loftnet, Audio-In, MP3 stuðningur, Hljómstillir, USB tengi.
Verð áður kr. 25.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 18.900,-
Pioneer Skullcandy HEYRNARTÓL Í ÚRVALI
25%
Nintendo
Allir leikir á tilboðs-borði
Kr.990.-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655



Hér hefur Rósa Sigrún beitt heklunálinni af snilld og skapað blóm og aðrar plöntur. MYND/PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON



Hár, hluti af stærra verki eftir Guðjón Ketilsson frá 2001, 26 cm í þvermál.

# Valdakonur vega móti karlaveldi fortíðar

**Útskorin dýr, heklað blómskrúð og meitlaðir og málaðir alþingismenn fortíðar og nútíðar er meðal þess sem líta má í Listasafni Árnesinga. Þar voru tvær sýningar opnaðar um síðustu helgi. Önnur hverfist um leir.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við ákváðum að setja upp verk fjögurra núlifandi listamanna og láta þau kallast á við verk Halldórs Einarssonar sem tilheyra safneigninni,“ segir Ásdís Ólafsdóttir, sýningarstjóri nýrrar sýningar í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Þar varpa verk listamannanna Önnu Hallin, Birgis Snæbjörns Birgissonar, Guðjóns Ketilssonar og Rósu Sigrúnar Jónsdóttur nýju ljósi á tréskurð og teikningar Halldórs Einarssonar (1893-1977).

Halldór var fæddur í Brandshúsum í Flóa 1893, hann lærði tréskurð og teikningu og síðar gerði hann líka verk í marmara og stein. Hann flutti 1922 til Vesturheims en á efri árum flutti hann heim aftur og lést árið 1977 en áður gaf hann safninu verk sín, ásamt peningum. Það var önnur tveggja stofngjafa Listasafns Árnesinga,“ segir Ásdís. Hún kveðst hafa byrjað á að velja úr verkum Halldórs, svo hafi tekið við pælingar um hvað passaði best með þeim.

„Guðjón Ketilsson er sá listamaður sem hvað mest hefur unnið í við. Hann er með gólfverk sem heitir Hár, annað verk nefnist Verkfærin og svo er skápur frá honum líka. Það passar vel, því Halldór vann við að skera út húsgögn í Bandaríkjunum. Hann skar einnig út dýr og plöntur enda bjó hann úti í skógi fyrir utan Chicago. Því var sterk náttúrutenging í að fá Rósu Sigrúnu Jónsdóttur hingað með textílverk, hún heklar meðal annars íslenskar lækningajurtir.“

Síðan er það pólitíska deildin sem Ásdís lýsir. „Þótt Halldór byggi ytra fylgdist hann með því sem gerðist á Íslandi og í kringum 1960 skar hann út litlar standmyndir af þeim 52 þingmönnum sem kosnir voru á þing lýðveldisárið 1944. Okkur fannst því tilvalið að tefla fram myndum Birgis Snæbjörns Birgissonar af þingmönnum sem settust á þing 2013. Þeir eru allir ljóshærðir og bláeygir en þó er hægt að þekkja hvern og einn. Verkið nefnist Von, það er í eigu Listasafns Íslands og við fengum það lánað.“

Salurinn er tileinkaður valdinu og lýðræðinu. Þar eru einnig myndir eftir Halldór af fyrirmönnum og ýmsu fólki. Því var Anna Hallin fengin með postulínsfígúrur og blekteikningar, að sögn Ásdísar. „Anna gerði sérstakt verk fyrir sýninguna sem nefnist Valdakonur. Það eru brjóstmyndir af Vigdísi Finnbogadóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Katrínu Jakobsdóttur. Þær vega upp á móti karlaveldinu hans Halldórs úr fortíðinni.“



Tryggur, standmynd úr tré eftir Halldór Einarsson. 48x30 cm.



Ásdís Ólafsdóttir sýningarstjóri ætlar að vera með leiðsögn um sýningarnar í Hveragerði næsta sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sýningin Frá mótun til muna er í hluta safnsins. Kjarni hennar er heimildarmynd um námskeið í rakúbrennslu en einnig eru verk eftir níu leirlistamenn sem allir voru þátttakendur á námskeiðinu.

**ÞÓTT HALLDÓR BYGGI YTRA FYLGDIST HANN MEÐ ÞVÍ SEM GERÐIST Á ÍSLANDI OG Í KRINGUM 1960 SKAR HANN ÚT LITLAR STANDMYNDIR AF ÞEIM 52 ÞINGMÖNNUM SEM KOSNIR VORU Á ÞING LÝÐVELDISÁRIÐ 1944.**

Sýningarnar standa til 21. október. Þúsund gestir á öllum aldri heimsóttu þær fyrstu fjóra dagana. Nú á sunnudaginn, 26. ágúst, verður Ásdís þar með leiðsögn sem hefst klukkan 14.

Listasafn Árnesinga er opið frá 12 til 18 alla daga, það til í október þegar vetraropnun, sem er fimmtudaga til sunnudaga, tekur við. Aðgangur er ókeypis.



HAUSTÖNN HEFST
**Mánudaginn 3. september**
SKRÁNING Í FULLUM GANGI Á dancecenter.felog.is

# TAUMLAUS DANSGLEÐI!

## OPIÐ HÚS Á NÝJUM STAÐ MILLI 15 OG 17

### LAUGARDAGINN 25. ÁGÚST
### ALLIR BOSSAR VELKOMNIR - LÉTT SPOR!

Commercial Hip hop & Jazz, aldur: 5-6, 7-9, 10-12 & 13-15 ára
DívuDansGleði! Ballett, Jazz & Musical, aldur: 3-5 ára – Salsa frá Kólimbíu, Nútímadans fyrir yngri & eldri – Mini Hip hop aldur 5-6 ára – MæðgnaDansGleði – DansÞol – Mamma Mia/All that jazz! Capuera frá Kúpu – Yoga – Hugleiðsla - Tónheilun

**Léttar veitingar og glæsileg opnunartilboð**



## MÆTTU Í DANSGÍRNUM OG UPPLIFÐU GLEÐINA!

Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi á opnu húsi okkar að Síðumúla 15, 3. hæð, laugardaginn 25. ágúst. Glæsileg opnunartilboð og opnir tímar fyrir alla.

**Nánari upplýsingar á dancecenter.is**

KRISTALHOFIÐ
HEILUN FYRIR LÍKAMA OG SÁL

DANCE CENTER REYKJAVÍK

DanceCenter Reykjavík í KristalHofinu | Síðumúla 15, 3.hæð | Sími: 777 3658 | dancecenter.is | kristalhofid.is


Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



PHO VIETNAMESE

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.
HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.
Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868
pho.is



weber gæði... ending... ánægja.

skoðaðu úrvalið á Weber.is




HANGCHA
Rafmagnstjakkar
Kynningarverð:
282.897 kr. m/vsk
RÝMI OFNASMIÐJAN
s. 511 1100 | www.rymi.is


# BÍÓ



Ævintýri prinsessunnar Bean, púkans Fulci og álfsins Elfo fer heldur skrykkjótt af stað í Disenchantment á Netflix.

# Öfugsnúin álög og Simpsons-bölvunin

**Matt Groening gerir nú þriðju tilraunina til þess að heilla áhorfendur með teiknuðum furðufígúrum í þáttunum Disenchantment en hneppir fólk ekki í álög í fyrstu tilraun.**

**NETFLIX**

**Disenchantment**
★★★☆☆

**Höfundar:** Matt Groening, Josh Weinstein
**Aðalhlutverk:** Abbi Jacobson, Eric André, Nat Faxon, John DiMaggio

Matt Groening á heiðurinn af tveimur skemmtilegustu teiknimyndaþáttum í sjónvarpi síðustu áratuga; The Simpsons og Futurama. Fátt jafnast á við þessar tvær þáttaraðir í góðu og hárbeittu gríni þegar þær risu sem hæst. Árgangar 3–8 af The Simpsons eru klassík sem þola endalausa endurskoðun og sama má vel segja um fyrstu fjóra árganga Futurama.

Groening mætti í síðustu viku til leiks á Netflix með tíu þætti í nýrri seríu, Disenchantment, og hefur aðeins fengið að kenna á því að það getur verið kalt í eigin skugga.

Samanburður við The Simpsons og Futurama er vitaskuld óhjákvæmilegur og heldur hallar á Disenchantment í þeim efnum í þessari fyrstu umferð. Skyldleiki Disenchantment og Futurama er mun augljósari en tengingar við gulu vísitölufjölskylduna í Springfield.

Disenchantment gerist í miðaldaævintýraheimi þar sem álfar, tröll, djöflar og alls konar aðrar furðuverur eru á sveimi innan um misgáfulegar mannskepnur; ruglaða konunga, hrokafulla prinsa og allt hringsnýst þetta síðan um kostulegt tríó; drykkfelldu og óstýrilátu prinsessuna Bean, hennar persónulega innri djöful Luci og áttavillta flóttaálfinn Elfo.

Þáttunum má vel lýsa sem einhvers konar bræðingi af Futurama og Game of Thrones krydduðum með bragðefnum frá Monty Python, Shrek og alls konar súputeningum öðrum í dægurmenningunni.

Prinsessan Bean er hress stelpa sem fer sínar eigin leiðir, konunginum föður sínum til mikillar mæðu. Hún hefur mun meiri áhuga á að drekka sig fulla yfir fjárhættuspilum á knæpum með sauðsvörtum og grálúsugum almúganum frekar en að svífa um hirðina í prinsessuleik.

Þegar Bean er kynnt til leiks neytir hún allra bragða til þess að koma sér hjá þvinguðu hagsmunahjónabandi við konungsson úr nágrannaríkinu. Hún svífst einskis í þeirri viðleitni og vílar jafnvel ekki fyrir sér að brugga vonbiðlum sínum banaráð. Kannski ekki furða þar sem hún er nýbúin að kynnast púkanum Fulci. Sínum innri djöfli sem losnar skyndilega úr læðingi.

Þetta sérkennilega tvíeyki verður síðan óvænt tríó þegar við bætist álfurinn Elfo sem er í mikilli tilvistarkreppu, nýflúinn úr glassúrhúðuðum glimmerheimi sínum, æstur í að kynnast grimmd og ljótleika tilverunnar utan hulíðsheimsins.

Þessi tíu þátta fyrsti hluti sögunnar er brokkgengur, ef ekki hreinlega krampakenndur. Sagan er skemmtileg og persónurnar vel flestar ágætar en engin þeirra kemst þó með tærnar þar sem Hómer, Bart, vélmennið Bender, Marge, Fry og Leela voru með hælana í The Simpsons og Futurama.

Futurama gerðist í fjarlægri framtíð, árið 3000 nánar tiltekið, en skyldleikinn við þetta miðaldaflipp er þó augljós. Sumar persónurnar eru dauft bergmál af persónum Futurama og í báðum tilfellum er sögð samfelld saga, ólíkt The Simpsonsþáttunum sem hefjast ætíð á byrjunarreit og hafa gert vikulega í 29 ár.

Netflix hefur þegar keypt 20 þætti til viðbótar en ef Groening spýtir ekki hressilega í lófana er ansi hætt við að þættirnir af Disenchantment verði ekki fleiri.


Fry, Leela og vélmennið Bender héldu fjörinu gangandi í Futurama og bjuggu yfir sjarma sem persónur Disenchantment hafa ekki fundið ennþá.

Brandararnir flæða að vísu í stríðum straumi í gegnum þessa tíu fyrstu þætti en ólíkt The Simpsons og Futurama hitta sorglega fáir í mark. Hér er gælt við groddalegt grín, grótesku og ýkt Itchy og Scratchy teiknimyndaofbeldi en í hálfkæringi. Ef hugmyndin var að hafa miðaldamyrkur yfir stemningunni þá kemur eiginlega ekkert annað til greina en að fara alla leið.

Þessir þættir eru alls ekki leiðinlegir en heldur ekki nógu fyndnir, frumlegir og skemmtilegir til þess að hneppa áhorfendur í milljónavís í álög. En vonandi á Groening eftir að hressast og í því sambandi er ágætt að hafa í huga að The Simpsons og Futurama hrukku ekki í gírinn fyrr en í það minnsta einn árgangur var að baki. thorarinn@frettabladid.is


**Simpsons-fjölskyldan er sjálfsagt vinsælasta sjónvarpsfjölskylda allra tíma og fátt bendir til þess að konungsfjölskyldan í Disenchantment muni komast úr skugga gulu vísitölufjölskyldunnar.**

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir góða spretti og á köflum groddalegt grín og teiknimyndaofbeldi standast þessir þættir ekki samanburð við The Simpsons og Futurama þannig að mun betur má ef duga skal.

# PIER

# ALLT FYRIR STOFUNA













**www.pier.is**

**SMÁRATORG - KORPUTORG - AKUREYRI - SELFOSS**

Gildir 23. ágúst - 29. ágúst. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Elsa Nielsen er fædd í Reykjavík 1974. Hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 1999 og rekur nú sína eigin hönnunarstofu. Elsa var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 23. ÁGÚST

### Sýningar

**Hvað?** Dílar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta
Elsa Nielsen er fædd í Reykjavík árið 1974. Hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 1999 og rekur nú sína eigin hönnunarstofu. Strax á námsárum sínum fór Elsa að sýna verk sín og á nú að baki fjölda sam- og einkasýninga á sviði málaralistar. Elsa var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016.

### Viðburðir

**Hvað?** Sóli Hólm Í túninu heima
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlégarður
Sóli er maður margra radda og má búast við að þjóðþekktir einstaklingar fylgi honum í einhverri mynd upp á svið í Hlégarði í Mosfellsbæ. Að mæta á þennan viðburð myndi teljast mjög skynsamleg ráðstöfun á frítíma, góða skemmtun.

**Hvað?** Tölvufíkn barna og unglinga: Hvað geta þeir fullorðnu gert?
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Icelandair Hotel Marina
Námskeiðið verður haldið fimmtudaginn 23. ágúst frá 18-21 á Icelandair Hotel Reykjavik Marina, Mýrargötu 2, 101 Reykjavík. Skráning fer fram í síma: 8619996 og á netfanginu mikilsvirdi@mikilsvirdi.is. Verð: 9.900 kr. Rannsóknir benda til þess að óhófleg skjánotkun barna og unglinga geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn.

**Hvað?** Fossvogshlaup
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Víkin
Fossvogshlaup Hleðslu verður haldið fimmtudaginn 23. ágúst við Víkina í Fossvogi. Boðið er upp á tvær vegalengdir, 5 km og 10 km, og hefst hlaupið kl. 19.00. Fjöldi glæsilegra útdráttarverðlauna og veitingar að hlaupi loknu.

**Hvað?** KakóRó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ljósheimar 3
Verið hjartanlega velkomin í KakóRó þar sem við róum líkama, huga og sál með hugleiðslu,



Mikils virði stendur fyrir námskeiði sniðnu að foreldrum og öðrum sem koma að málefnum barna sem vilja fræðast um einkenni óheilbrigðrar skjánotkunar barna og læra aðferðir til að sporna gegn henni.

öndunaræfingum, tónferðalagi og djúpri slökun. Við drekkum 100% hreint kakó frá Gvatemala til að dýpka ró og tenginguna inn á við. Öll munum við síðan sofa eins og englabossar. KakóRó kostar 3.900 krónur. Takmarkað pláss er í boði og því nauðsynlegt að bóka pláss fyrirfram.

**Hvað?** Jóga fyrir hlaupara
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Jógasetrið
Í tímunum er einnig lögð áhersla á að styrkja mikilvæga vöðvahópa og unnið með að auka almenna líkamsmeðvitund sem er mikilvægt fyrir hlaupara sem og alla þá sem stunda einhverjar íþróttir. Jóga róar um leið hugann og styrkir einbeitingu og dýpkar innsæið. Námskeiðið er einnig tilvalið fyrir annað íþróttafólk. Fimm vikna námskeið á 14.500. kr.

**Hvað?** Ókeypis ritsmiðjur fyrir börn
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið
Takmarkað pláss er á smiðjurnar svo það er nauðsynlegt að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið markusmefraim@gmail.com með eftirfarandi upplýsingum: Nafni og aldri barns, símanúmeri forráðamanns og hvaða smiðju barnið óskar eftir að sækja (þ.e. í hvaða safni). Hver smiðja stendur yfir í þrjá daga og gert er ráð fyrir að þátttakendur mæti alla þrjá dagana. Umsjónarmaður og kennari smiðjanna er Markús Már Efraím.

**Hvað?** Ganga um vesturbæinn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Byggðasafn Hafnarfjarðar
Byggðasafn Hafnarfjarðar stendur fyrir síðustu göngu sumarsins af Menningar- og heilsugöngum Hafnarfjarðar. Gylfi Ingvarsson leiðir gönguna sem farin verður fimmtudaginn 23. ágúst. Gylfi þekkir vesturbæinn vel enda hefur hann búið þar alla sína tíð. Gengið verður frá Pakkhúsi Byggðasafnsins, gangan hefst kl. 20.00 og tekur um klukkustund. Allir velkomnir.

**Hvað?** Hinsegin hlátur
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Suðurgata 3
Trans Ísland, Wotever Iceland og Samtökin '78 bjóða á uppistandskvöld með Kelli Dunham og gestum. Ókeypis inn en frjáls framlög til uppistandara. Aðgengi í salnum er ágætt.

## Tónlist

**Hvað?** David Crosby & Friends
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíó
Þessi litríki frumkvöðull, sem var innlimaður í hina virtu stofnun Songwriter Hall of Fame árið 2009, hefur verið eins konar samviska samtíðar sinnar með stórbrotnum lagasmíðum eins og Almost Cut My Hair og Wooden Ships.

**Hvað?** Ned Rothenberg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Bandaríska tónskáldið og blásturshljóðfæraleikarinn Ned Rothenberg kemur fram í Mengi fimmtudaginn 23. ágúst kl. 21.00. Rothenberg hefur getið sér gott orð um allan heim undanfarna þrjá áratugi og komið fram í fimm heimsálfum. Á tónleikunum í Mengi mun hann meðal annars leika á altsaxófón, klarinett og Shakuhachi, japanska bambusflautu. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** KÍTÓN tónleikar – Grúska Babúska
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Hljóðfæri Grúsku Babúsku samanstanda af röddum, syntha, gítar, bassa, píanó, melodicu, fiðlu, flautu, spiladós, trommu, töktum og slagverkum auk ann-arra takt- og hljóðtækja. Tónlistin færir áhorfandann og hlustandann inn í draumheim, oft gáskafullan og barnslegan, en á sama tíma dimman og þrunginn alvöru.

**Hvað?** Fimmtudagsjazz
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Björgarðurinn
Bríet og Röggi munu leika léttan djass á Björgarðinum fimmtudaginn 23. ágúst milli kl. 17 og 19. Þau hafa hvort um sig verið áberandi í tónlistarlífinu en einnig spilað saman í nokkur ár. Bríet gaf út sína fyrstu plötu í mars síðastliðnum og fylgdi henni eftir bæði hérlendis og erlendis. Röggi hefur leikið með ýmsum hljómsveitum á Íslandi síðustu árin svo sem Moses Hightower og Glowie, en ásamt því hefur hann sinnt djassinum. Saman mynda þau skothelt dúó og leika lög, gömul og ný, í sínum djassútsetningum.

**Hvað?** Svavar Knútur í Lágafellskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lágafellskirkja
Í tilefni bæjarhátíðar Mosfellsbæjar verður Svavar Knútur með tónleika í Lágafellskirkju, fimmtudaginn 23. ágúst kl. 20. Frítt inn og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.


Svavar Knútur verður í Lágafellskirkju í Mosfellsbæ í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







**2 BALLERS**
KL. 22:00
Þriðja sería þessara frábæru þátta með Dwayne Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp amerískra fótboltaleikara og fjölskyldur þeirra en það er aldrei lognmolla í kringum þau.




**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**2 MASTERCHEF USA**
KL. 19:45
Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



**2 LETHAL WEAPON**
KL. 20:30
Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.



**2 ANIMAL KINGDOM**
KL. 21:15
Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annars vegar. Hörkuspennandi þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.



**2 STARTUP**
KL. 22:35
Ný þáttaröð með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman.



**2 BÍÓ FOR THOSE IN PERIL**
KL. 22:00
Aron er ungur maður sem býr ásamt fjölskyldu sinni í litlu og afskekktu sjávarþorpi þar sem allir þekkja alla og lífið byggist á fiskveiðum.



**3 BOARDWALK EMPIRE**
KL. 22:00
Önnur þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu um Nucky Thompson, sem réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum.
Fyrsti þáttur



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Sumar og grillréttir Eyþórs
**10.40** Landhelgisgæslan
**11.05** The Heart Guy
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Vífill í villta vestrinu
**14.15** World of Dance
**15.00** Brother vs. Brother
**15.45** Enlightened
**16.15** Bold and the Beautiful
**16.35** Nágrannar
**17.00** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Kevin Can Wait
**19.45** Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastianich sem snýr aftur í dómarasæti eftir nokkurt hlé. Af gaumgæfni velja nú dómararnir sér átta manna hóp sem þeir svo munu fylgja eftir út þáttaröðina og vera innan handar í þeim þrautum eru lagðar fram í eldamennskunni. Eins og áður reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þáttakenda. Að lokum eru það svo einn sem stendur uppi sem Meistarakokkurinn.
**20.30** Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi ná að vinna saman með einstökum árangri.
**21.15** Animal Kingdom
**22.00** Ballers
**22.30** StartUp
**23.15** Real Time with Bill Maher
**00.10** Killing Eve
**01.00** The Sinner
**01.45** Vice
**02.15** Silent Witness
**03.05** Silent Witness
**04.00** S.W.A.T.
**04.45** Baby, Baby, Baby
**06.10** Insecure

## STÖÐ 2 SPORT

**08.50** Meistaradeildarmörkin
**09.05** Pepsímörkin
**10.35** Pepsímörk kvenna
**11.35** Baltimore Ravens - Indianapolis Colts
**14.05** Crystal Palace - Liverpool
**15.50** Chelsea - Arsenal
**17.30** Tottenham - Fulham
**19.15** Messan
**20.15** Premier League World
**20.45** Valencia - Atlético Madrid
**22.25** UFC Unleashed
**23.10** NFL Hard Knocks

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Aston Villa - Brentford
**09.40** Messan
**10.40** Cardiff - Newcastle
**12.25** Burnley - Watford
**14.10** Everton - Southampton
**15.55** Premier League Review
**16.50** West Ham - Bournemouth
**18.35** NFL Hard Knocks
**19.25** Víkingur Ó - Þróttur
**21.10** Real Betis - Levante
**22.55** Spænsku mörkin
**23.20** Pepsímörk kvenna

## STÖÐ 3

**19.10** Fresh Off The Boat
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Famous In Love
**21.35** The Detour
**22.00** Bryggjugengið
**22.55** The Simpsons
**23.20** Bob's Burgers
**23.45** American Dad
**00.35** Seinfeld
**01.00** Friends
**01.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** K3
**07.34** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**07.48** Könnuðurinn Dóra
**08.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.35** Mæja býfluga
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Tindur
**11.23** K3
**11.34** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**11.48** Könnuðurinn Dóra
**12.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.35** Mæja býfluga
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.54** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Tindur
**15.23** K3
**15.34** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**15.48** Könnuðurinn Dóra
**16.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.35** Mæja býfluga
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.54** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Paddington

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.12, 12.12 og 16.12**



## GOLFSTÖÐIN

**07.40** Wyndham Championship
**12.40** PGA Highlights
**13.35** Champions Tour Highlights
**14.30** Canadian Pacific Women's Open
**17.35** Inside the PGA Tour 2018
**18.00** The Northern Trust
**22.00** Canadian Pacific Women's Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.15** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**12.00** Beyond the Lights
**13.55** Spotlight
**16.05** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**17.55** Beyond the Lights Dramatísk mynd frá 2014 um hæfileikaríka söngkonu að nafni Noni sem á í vaxandi erfiðleikum með að höndla þær kröfur sem gerðar eru til hennar þegar hún verður ástfangin af lögreglumanni.
**19.50** Spotlight
**22.00** For Those in Peril
**23.35** The Infiltrator Spennumynd frá 2016 með Bryan Cranston, byggð á sönnum atburðum. Robert Mazur lagði líf sitt í stórhættu þegar hann þóttist vera maður að nafni Bob Musella og bauð glæpasamtökum upp á aðstoð við peningaþvætti. Robert var í raun fjármálasérfræðingur og útsendari FBI.
**01.40** The Last Face
**03.50** For Those in Peril

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** 360 gráður
**14.15** Átök í uppeldinu
**14.55** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
**15.45** Orðbragð
**16.15** Grillað
**16.45** Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur
**17.40** Bítlarnir að eilífu
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Begga og Fress
**18.13** Lundaklettur
**18.20** Póló
**18.26** Ronja ræningjadóttir
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Sterkasti fatlaði maður Íslands
**20.00** Myndavélar
**20.10** Heimavöllur
**21.10** Bráð
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Sýknaður
**23.50** Veiðikofinn
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.10** Everybody Loves Raymond
**12.35** King of Queens
**12.55** How I Met Your Mother
**13.20** Dr. Phil
**14.00** American Housewife
**14.25** Kevin (Probably) Saves the World
**15.10** America's Funniest Home Videos
**15.35** The Millers
**15.55** Solsidan
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Solsidan
**20.05** LA to Vegas
**20.30** Who Is America?
**21.00** Instinct
**21.50** How To Get Away With Murder
**22.35** Zoo
**23.25** The Tonight Show

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

netto

# GÓMSÆTT OG GOTT Í NETTÓ!



-50%

**LÚXUS GRÍSAGRILLPAKKI**
BÓGSNEIÐAR, HNAKKASNEIÐAR OG KÓTILETTUR
**949 KR/KG** KJÖTSEL
~~ÁÐUR: 1.898 KR/KG~~



-40%

*Verðsprengja!!!*

**LAMBASVIÐ**
FROSIN
**299 KR/KG**
~~ÁÐUR: 498 KR/KG~~ GOÐI



-40%

**KALKÚNASNEIÐAR**
MARINERAÐAR
**1.679 KR/KG** ÍSFUGL
~~ÁÐUR: 2.798 KR/KG~~



-40%

**GRÍSAHAKK**
FERSKT
**599 KR/KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~



-40%

**LAMBABÓGSTEIK**
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.099 KR/KG** GOÐI
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~



-40%

**GRÍSAPOTTRÉTTUR**
Í SVEPPASÓSU
**1.499 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.498 KR/KG~~




-20%

**SMOKKFISKBOLIR**
**1.537 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.921 KR/KG~~

## SANTA MARIA VÖRUR Á 20% AFSLÆTTI




-20%

## RAUÐ VÍNBER Á 50% AFSLÆTTI



-50%

netto

Á NETINU

**Tilboðin gilda 23.-26. ágúst 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is



Sveinn Rúnar Hauksson fer á hverju ári í berjamó. Hann segir að víða sé ber að finna en líklega sé langmest af þeim á Austfjörðum. MYND/SVEINN RÚNAR HAUKSSON

# Beint í berjamó
## á síðustu dögum sumarsins

Bláberin má finna víða um land. Hins vegar hefur berjalyngið ekki komið nógu vel undan sumri á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni enda vætutíðin mikil. Austfirðir eiga líklegast vinninginn og margir eru nú þegar farnir að safna í sarpinn þar.



Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjaáhugamaður.

Enn er örlítið eftir af sumri þó það styttist óðum í endalok. Það er snjallt að loka sumrinu með skemmtilegri ferð í berjamó. Víða eru góðir staðir fyrir berjatínslu en spurningin er sú hvar sprettan sé best í ár. Hver er betri til að svara því en Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og áhugamaður um ber og berjatínslu?

„Ef fólk ætlar í berjamó og vill ná að fylla fötur sínar eða jafnvel frystikistu þá eru Austfirðir líklega besti staðurinn. Sprettan kemur þar vel undan sumri og fólk byrjaði í raun að tína þar fyrir mánaðamótin síðastliðnu,“ segir Sveinn Rúnar sem sjálfur var á Ströndum í berjatínslu þegar Fréttablaðið sló á þráðinn.

„En ég hef ekki séð eitt ber í Borgarfirðinum, ekki grænjaxla eða neitt. Ég var í Þórsmörk um daginn og tíndi upp í mig eitt og eitt og tíndi alls 12 ber. Þau smökkuðust ágætlega, en voru þó lítil. Þau komust allavega vel fyrir í lófanum.“

**Einnig gott á Norðausturlandi**

Horfur eru ekki sérlega góðar hér á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni en aldrei að vita hvað náttúran hefur fram að færa. Góðir staðir fyrir tínslu hér á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni eru meðal annars Heiðmörk, svæðið í kringum Rauðavatn, í grennd við Nesjavallaleiðina, Mosfellsdalurinn og heiðarnar beggja vegna vegarins, Kjósin, Esjurætur og Hvalfjörðurinn.

„Það er að rætast úr þessu hérna á Ströndum sýnist mér. Það er líka býsna gott á Norðausturlandi. Ég fékk líka fréttir af Tröllaskaga og frægu berjakistunni sem Böggvisstaðafjall er ofan Dalvíkur. Þar eru komin falleg ber en þó ekki alveg þroskuð orðin. Þannig að ég held að það þurfi að bíða örlítið en það er hins vegar ekkert of fljótt að fara af stað núna. Það er að minnsta kosti allt klárt fyrir austan,“ bætir Sveinn Rúnar við.

gj@frettabladid.is

## SYSTKINATÓNLEIKAR Í FJÓRÐA SINN

Söngelsku systkinin Kristín og Guðfinnur Sveinsbörn syngja saman á sínum fjórðu Systkinatónleikum í kvöld. Myndast hefur sú hefð að á hverju ári fá systkinin ungt tónskáld til liðs við sig til að semja dúett fyrir tækifærið.

Í ár var það Bára Gísladóttir sem samdi verkið Átta lög við ljóð Kött Grá Pjé og verður verkið flutt á tónleikunum af þeim systkinum og strengjakvartett. Bjarni Frímann Bjarnason leikur á píanó.

„Bára er fyrsta tónskáldið sem semur klassískt tónverk við texta Kött Grá Pjé, sem hefur eins og landsmönnum er kunnugt getið sér gott orð sem ljóðskáld og rappari. Blanda nýklassískrar tónlistar og texta Kött kemur vægast sagt skemmtilega á óvart,“ segir Kristín.

Dagskrá tónleikanna mun að öðru leyti samanstanda af íslenskum dægurlaga- og söngperlum, vel völdum þýskum og sænskum ljóðum, óperuaríum og dúettum. Tónleikarnir fara fram í Fella- og Hólakirkju í kvöld kl. 20 og kostar miðinn 2.500 kr., 2.000 fyrir aldraða og öryrkja og frítt er fyrir börn.



Guðfinnur og Kristín eru listræn og samrýnd systkini. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## BLÁBERJASULTA Á TVO VEGU

### BLÁBERJASULTA SYKURLAUS

700 g bláber
1 dl hlynsíróp eða kókospálmasykur
1 tsk. vanilluduft

Hreinsið og skolið berin. Maukið allt í blandara. Setjið blönduna í pott og sjóðið í um 10 mínútur. Hellið í hreinar glerkrukkur og geymið í kæli.

### BLÁBERJASULTA MEÐ SYKRI

500 g bláber
350 g strásykur
2 tsk. vatn



Setjið allt hráefnið í pott og sjóðið í um það bil 10 mínútur. Hellið svo blöndunni því næst í hreinar glerkrukkur og geymið í kæli.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **26. ágúst** eða meðan birgðir endast.

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR



VÉLABORG
www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is



VIÐ SJÁUM UM BRÚÐKAUPIÐ
ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!
Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.
Sláðu á þráðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir þér.
Það eina sem þú þarft að gera er að skemmta þér.
EXTON REYKJAVÍK
S: 575-4600
EXTON@EXTON.IS
EXTON AKUREYRI
S: 575-4660
AKUREYRI@EXTON.IS
EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
www.exton.is



NÝ VEFVERSLUN
HUGINN MUNINN SKYRTUR
HUGINN MUNINN
www.huginnmuninn.is

Slakaðu á með Slökun



Einkenni magnesíum-skorts
Lítil orka
Þróttleysi
Veik bein
Hormóna ójafnvægi
Svefntruflanir
Vöðvakrampar, kippir og spenna
Kölkun líffæra
Óreglulegur hjartsláttur
Kvíði
Streita
Pirringur
Mamma Veit Best
HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is

# Stefnir á að vera innan við 100 klukkustundir

Eiríkur Ingi Jóhannsson fer á föstudaginn til Írlands þar sem hann keppir í Race Around Ireland, sem eins og nafnið gefur til kynna er hjólakeppni í kringum Írland. Hann stefnir hátt og ætlar sér að koma fyrstur í mark og slá brautarmetið.



Eiríkur Ingi segir að það skipti öllu máli að vera með góða styrktaraðila með sér í þessu ævintýri til að hugurinn sé rólegri. Hann er með marga góða með sér í liði en þeir mættu vera fleiri svo draumurinn um að mæta Strasser í Bandaríkjunum á næsta ári geti ræst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég er að fara út til að vinna. Auðvitað er fyrsta markmið að klára en ég fer út til að vinna og að slá brautarmetið," segir Eiríkur Ingi Jóhannsson, hjólreiðagarpur með meiru.

Eiríkur er að fara á morgun til Írlands að keppa í Race Around Ireland sem er rúmlega 2.200 kílómetra leið. Hann ætlar sér að verða innan við 100 klukkutíma að fara þennan hring.

Brautarmetið á sjálfur Christoph Strasser, margfaldur heimsmeistari í ofurmaraþonum hjólreiðanna. Hann hefur meðal annars unnið Race Across America fimm sinnum. Strasser kom í mark árið 2013 á 93 klukkustundum og 16 mínútum og var með meðalhraða upp á 23,69 km/klst. Það met ætlar Eiríkur að slá. „Ég er ekki í besta formi heims. En það gekk vel í WOW í sumar en þetta fer eftir veðri og hvernig maður kemst í gang. Markmiðið er allavega að koma fyrstur í mark.

Ég fór í fyrra í þessa keppni og þá var ég í engu formi og var illa sofinn áður en ég lagði af stað. Í fyrra vildi ég klára og ná í reynslu og var ekkert stressaður með hvar ég endaði. Liðið mitt er að fara núna á tveimur bílum í staðinn fyrir að vera á einum eins og síðast. Það var í fyrsta sinn í sögu keppninnar sem einhver hefur klárað með því að vera með lið í einum bíl enda ekkert grín að vera í bíl í fimm daga."

Þess má geta að Eiríkur bætti brautarmetið í WOW Cyclothon í sumar um sex klukkustundir. „Núna er lítið um æfingar, bara að teygja og liðka sig og ná bólgum út. Svo er verið að græja ljós til að rata í myrkrinu og að ég haldist betur vakandi á nóttunni. Það verður í fyrsta skipti sem ég prófa það."

Eins og áður segir er Christoph Strasser kóngurinn í þessum ofurhjólreiðum og vill Eiríkur mæta honum á næsta ári í Race Across America. „Ég á nóg inni. Ég er þungur, þarf að létta mig og þá er ég farinn að hjóla hraðar og ég er ekki búinn að toppa mig – langt frá því. Hann er búinn að vinna Ameríkuhjólreiðarnar fimm sinnum og ætlar að ná í sjötta titilinn á næsta ári og ég veit að hann mun verða í besta formi lífs síns. Hann hefur ekki haft neina samkeppni í ár og ég vona að það verði ég sem veiti honum hana. Það er markmiðið."

**benediktboas@frettablaidid.is**



Eiríkur bætti brautarmetið í WOW Cyclothon í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## SIGURVEGARAR Í RACE AROUND IRELAND

| ÁRIÐ | NAFN | TÍMI | MEÐALHRAÐI |
|---|---|---|---|
| 2009 | Joe Barr | 108 klst. 12 mín. | 19,70 km/klst. |
| 2010 | Bernd Paul | 113 klst. 12 mín. | 19,09 km/klst. |
| 2011 | Valerio Zamboni | 131 klst. 36 mín. | 16,51 km/klst. |
| 2012 | Bernd Paul | 106 klst. 14 mín. | 20,63 km/klst. |
| 2013 | Christoph Strasser | 93 klst. 16 mín. | 23,69 km/klst. |
| 2014 | Edvald Fuchs | 101 klst. 11 mín. | 21,86 km/klst. |
| 2015 | Bernard Steinberger | 98 klst. 22 mín. | 22,32 km/klst. |
| 2016 | Guido Löhr | 106 klst. 50 mín. | 20,63 km/klst. |
| 2017 | Nicole Reist | 125 klst. 45 mín. | 19,71 km/klst. |

**NÚNA ER LÍTIÐ UM ÆFINGAR, BARA AÐ TEYGJA OG LIÐKA SIG OG NÁ BÓLGUM ÚT.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




**WYOMING** tungusófi

Grátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga
Stærð: 216 x 142 x 80 cm **Fullt verð: 114.900 kr.**

Aðeins **86.175 kr.**




**MEMPHIS**
svefnsófi

Slitsterkt í áklæði gráu, bláu og beige.
Svefnsvæði: 120 x 200 cm

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**




**RIVER**
svefnsófi m/tungu

Grænt, rautt, svart og grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Stærð: 250 x 157 cm. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **119.920 kr.**




**KOLDING**
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt eða rautt leður/PVC.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **99.517 kr.**




**RAMSEY**
hægindastóll

Skemmtilegur hægindastóll. Grátt, blátt eða bordeaux rautt sléttflauel. Einnig fáanlegt svart PU-áklæði.

**Fullt verð: 29.900 kr.**

Aðeins **19.734 kr.**




# SHAPE DELUXE
## og C&J Silver stillanlegur botn

SHAPE BY NATURE'S BEDDING    Charlotte Julien Dream your world™

Shape Deluxe 90 x 210 heilsudýna og C&J silver stillanlegur botn. Meðal eiginleika C&J Silver botns er að hann er með viðhaldslausa mótora, tvíhert stál í burðargrind, hliðar- og endastoppera.

**Fullt verð: 202.900 kr.**

Aðeins **138.950 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda frá 23. til 29. ágúst 2018 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## 23. til 29. ágúst

**Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði**




**JONNA** 2,5 sæta sófi

Skógargrænt, dusty Rose eða grátt sléttflauel. Stærð: 169 x 89 x 87 cm.

**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **51.935 kr.**

# NATURE'S LUXURY

## heilsurúm m/Classic botni




- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²

Nature's Bedding

| NATURE'S LUXURY | NATURE'S LUXURY |
|---|---|
| Stærð 160 x 200 cm | Stærð 180 x 200 cm |
| Fullt verð 149.900 kr. | Fullt verð 169.900 kr. |
| Aðeins **112.425 kr.** | **127.425 kr.** |

Aukahlutir á mynd: Teppi og koddar/púðar

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF OPIN

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Bjarna Karlssonar



# Ég hleyp fyrir ...

Um helgina tók ég þátt í stærstu guðsþjónustu ársins, Reykjavíkurmaraþoninu, þar sem meira en 14 þúsund hlauparar og annað eins af stuðningsfólki tók þátt í þágu bættrar heilsu og aukins réttlætis. Sjálfur hljóp ég fyrir Pieta – forvarnarsamtök gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða, sem eru ein af 180 félagasamtökum sem voru með í áheitasöfnun að þessu sinni. Meðfram hlaupaleiðinni stóð brosandi fólk. Einn stóð á tröppum húss síns og lék á saxófón, bílskúrsbönd léku á gangstéttum, fólk sló trommur og blés í flautur. Á Lindarbrautinni stóð sveittum hlaupurum svalandi regnúði til boða, börn söfnuðu „fimmum“ og er á leið voru boðnir fram drykkir, bananar, sætindi, melónur og margs konar fínerí sem grípa mátti á stökkinu. Fulltrúar alls kyns velgerðar- og mannréttindasamtaka sem áttu sína spretthörðu fulltrúa hvöttu mannskapinn til dáða og yfir öllu ríkti gleði, umhyggja og samstaða. Um miðbik hlaupsins var ég lengi með mann fyrir framan mig sem hljóp vel og á baki hans stóð „Ég hleyp fyrir Baldur Tý og Baldvin Ara með von um lækningu“. Svo seig hann lengra en nöfn bræðranna ungu settust að í hjartanu á mér. Ég bið þess að þeir fái bata og ég veit að við biðjum þess öll. Harðsperrurnar líða úr skrokknum en ilmurinn í sálinni mun vara lengi. Það er mögnuð reynsla að taka þátt í slíku fjöldaákalli og samstöðuyfirlýsingu þar sem berskjöldun mannlegrar tilveru er viðurkennd og henni lýst um leið og þrá okkar allra eftir heilsu og réttlæti er blygðunarlaust tjáð með manneskjulegheitum og gleði. Með þátttökunni í Reykjavíkurmaraþoninu voru einstaklingar, fjölskyldur, vinahópar, félög og fyrirtæki að segja: Okkur stendur ekki á sama. Við höldum hvert með öðru og viljum að heilsa og réttlæti sé hlutskipti allra.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Fjölskyldu-tilboð
3799 kr.

SUBWAY

50kr 100kr 200kr
300kr 400kr 500kr
MARKAÐS-DAGAR
Gerðu frábær kaup!
Komdu og gramsaðu!
Mikið úrval af vörum frá 50 kr. **Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.** Við bætum við nýjum vörum daglega.
600kr 800kr 1000kr

VINNUR ÞÚ AFNOT AF KIA CEED Í VETRARLEIGU FRÁ HERTZ?
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á BYKO.IS

Sjá aðra vinninga á byko.is
KIA
Hertz
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land